

Vefsíðugerð með

FRONTPAGE 98

Tölvuskóli Reykjavíkur
Elías Ívarsson

ISBN 9979-859-29-6

COPYRIGHT © 1999 TÖLVUSKÓLI REYKJAVÍKUR HF. Öll réttindi áskilin. Afritun þessarar bókar eða hluta hennar, með hvaða hætti sem er, er óheimil án leyfis frá Tölvuskóla Reykjavíkur. Brot varðar við lög um höfundarrétt.

Efnisyfirlit

Formáli5
1. Vefurinn og HTML6
Upphaf Internetsins6
Vefurinn kemur til sögunnar7
Eðli vefsíðna8
HTML-kóðun8
Algeng HTML-bensli9
Vinna með HTML-kóðun10
Dæmasíða10
Myndir og Netíð11
Staðlarnir jpeg og gif11
Heimatölvan og Internetíð12
Ftp flutningur12
Skipulag vefja14
Einfaldleikinn14
Innihaldið14
Tenglar15
2. FrontPage Explorer16
Eldri vefur opnaður16
Nýr vefur búinn til16
Tilbúinn vefur sóttur18
FrontPage Explorer19
Navigation sjónarhóll19
Samnýttir jaðrar20
Hyperlinks sjónarhóll21
Folders sjónarhóll22
All files sjónarhóll23
Hyperlink status sjónarhóll24
Themes sjónarhóll25
Tasks sjónarhóll26
Breyting tilvísana28
Tilbúnaðar síður sóttar29
Ýmsar stillingar30
Active Channel möguleikinn31
3. FrontPage Editor34
Tækjastikur36
Grunnstillingar síðu37
Bakgrunnur38
Bakgrunnsmýnd39
Myndir settar á heimasíðuna40
Myndir settar á vefinn42
Myndir í tölvunni43
Stillingar fyrir myndir44
Ýmsar stillingar45
Leturgerðir46
Hægri músarhnappur47
Stílar47
Málgreinar48
Bókamerki49

Skjöl opnuð	50
Tenglar settir inn	51
Töflur á heimasíðum	52
Tafla gerð með mús	53
Tafla sett inn	53
Tafla sniðin til með Properties	54
Gögn úr Microsoft Word og öðrum forritum	55
Gögn úr Microsoft Excel	55
Klippa og líma	55
Sniðmát búið til	56
Síða búin til með sniðmáti	57
Rammasíða búin til	58
Rammasíður	58
Rammastillingar (Frame properties)	59
Tengill innan rammasvæðis	61
Virkir eiginleikar	63
Fyrirspurn í gagnagrunn	64
Form Field valmöguleikinn	65
FrontPage hlutar	66
4. Vefþjónninn	67
Publish FrontPage Web	67
FrontPage Web Server	68
Rótarvefur	69
Viðbætur	69
5. Almenn verkefni	70
Verkefni 1	70
Verkefni 2	72
Verkefni 3	74
Verkefni 4	76
Verkefni 5	78
Verkefni 6	80
Verkefni 7	81
Verkefni 8	82
Verkefni 9	84
Verkefni 10	86
Verkefni 11	88
Verkefni 12	90
Verkefni 13	92
Orðalisti	94
Atriðisorðaskrá	96

Formáli

Tölvuorð

Í bókinni eru oft notuð ýmis tölvuhugtök sem ekki er víst að lesandinn þekki fyrirfram. Mælt er með því að lesandinn kynni sér hugtökin sérstökum orðalista aftast í bókinni.

Ef forritin vantar

Stundum vantar forrit inn á tölvuna. Allt frá einföldu Ftp forriti (rætt annarsstaðar) til myndvinnsluforríta. Gott væri fyrir notendur bókarinnar að fara á slóðir eins og *www.shareware.com* eða *tucows.isholf.is* til að leita að deiliforritum. Deiliforrit eru forrit sem notendur mega sækja endurgjaldslaust og vinna með í tiltekinn tíma (yfirleitt 30 til 90 daga).

Slóðir á Internetið

Auðvelt hefði verið í bók um vefsíðugerð að fylla hana af slóðum í gagnlegar heimasíður á Internetinu. Þess í stað verður ein síða á netinu með safni af áhugaverðum slóðum fyrir lesendur þessarar bókar:

Slóðin er **<http://www.tolvuskoli.is/~fp/>**

Þannig er hægt að hafa allar slóðir sem nýlegastar, bæta inn og taka út eftir þörfum.

Ritvenjur

Öll ensk heiti eru *skáletruð*.

Slóðir og texti sem notendur bókarinnar skulu slá inn er **feitletraður**.

Ritháttur eins og *File - Open* þýðir að opna skal *File* valmynd og úr henni velja skipunina *Open*.

Eru bókstafir undirstrikaðir eins og þeir koma fyrir í valmyndum forríta.

1. Vefurinn og HTML

Upphaf Internetsins

Internetið er búið að vera til í u.þ.b. þrjá áratugi eða frá því um 1970. Fyrstu tölvurnar sem voru í notkun á þeim tíma voru yfirleitt hugsaðar sem miðlægar þjónustutölvur. Þannig var í fyrirtæki t.d. ein tölva en margir skjáir tengdust síðan þeirri tölvu. Skjáirnir fengu frá henni öll forrit og gögn sem vinna þurfti með og notendur vistuðu alla sína vinnu beint á þjóninn.

Strax var farið að þróa samskipti fyrir þessar tölvur þannig að þær gætu unnið sín á milli. Þannig gætu t.d. tvær tölvur fyrirtækis unnið saman sem ein. Þetta var ekki síður ætlað til að stofnunin með útibú á fleiri stöðum yfir lengri vegalengdir gæti samhæft samskipti vélanna gegnum t.d. símalínu.

Þetta voru þær tölvur sem í dag kallast netþjónar. Netþjónn er einmitt tölva sem sér um að miðla aðgangi að gögnum eða þjónustu til útstöðva. Þær geta verið hvort sem er beintengdir skjáir eða einmenningstölvur tengdar með kapli. Getur tengingin verið hvort sem er símalína eða kapall beint úr tölvu í tölvu. Netþjónn er þó ekki skilyrði fyrir nettengingu. Nóg er að tvær einmenningstölvur séu tengdar með kapli og önnur sé stillt á að veita hinni aðgang að þjónustu hjá sér til að net verði til.

Auka afurð þróunarinnar var að samskonar vélar sem ekki voru endilega í þjónustu sama fyrirtækis gátu einnig nýtt sama samskiptastaðal. Þannig var kominn grunnurinn að því Interneti sem þekktist núorðið.

Fólk var fljótt að komast upp á lagið með ýmsa kosti kerfisins. Tvær manneskjur staðsettar í sitthvorri heimsálfunni, gátu með nokkurra mínútna millibili skipst á gögnum og upplýsingum sem báðum nýttast að sameiginlegu markmiði. Auðvelt var líka fyrir vinnuhópa að vinna saman að sameiginlegum markmiðum þó hópurnir stækkaði og engir tveir væru á sama stað.

Þá var farið að nota tölvupóstinn meira þar sem notandi við skjá sendi skilaboð til annars og fékk tilkynningu á eigin skjá þegar svar barst.

Ýmsar útfærslur á þessari hugmynd hafa skotið rótum gegnum árin. Þær notadrýgstu, fyrir utan tölvupóstinn sjálfan (sem líklega mun alltaf hafa forskot á aðra þætti), eru fréttahóparnir *Usenet*, og svo efnisleitir eins og *Archie* og *Gopher*.

Í fréttahópunum virka ákveðnir netþjónar saman og sjá um að geyma og miðla upplýsingum í formi tölvupósts í flokkum og undirflokkum. Hver sem hefur tilskilið forrit getur síðan fengið lista yfir alla flokka á netþjóninum, valið ákveðna flokka til að skoða nánar, fengið lista yfir þá undirflokka sem gætu verið í hverjum flokk fyrir sig og síðan fengið að lesa póstskeytin í flokknum. Jafn auðvelt er að senda eigið framlag og að svara venjulegum tölvupósti. Fréttahópar hafa alltaf verið vinsælir ekki síst vegna notagildis en margir sem hafa tileinkað sér að nota þá telja að í þeim sé hafsjór af fróðleik og gullmolum auk auðveldra tengsla við fólk með svipuð áhugamál.

Archie og *Gopher* að vissu leyti allt annars eðlis þó þeir séu ekki alls óskyldir. Flestir netþjónar leyfa aðgang að einni eða fleiri möppum í möppukerfi sínu og bjóða notendum sínum að vista þar skrár. Geymist þannig á netþjónum oft mikið magn upplýsinga oft aðgengilegt hverjum sem nennir að skoða. Að sjálfsögðu má reikna með því að ekkert sé sett í opnar möppur nema leyfilegt sé að skoða það.

Hinsvegar var engin leið að hafa yfirsýn yfir alla þá netþjóna sem til voru í heiminum né allt það sem þeir höfðu að geyma. Þar koma efnisleitir til sögunnar, þjónusta þar sem notandi getur leitað uppi ákveðna textastrengi eða upplýsingar sem hann fýsir að finna og fá upplýsingar um hvar upplýsingarnar sé að finna til að sækja þær síðan.

Vefurinn kemur til sögunnar

Árið 1993 var maður að nafni Tim Berners-Lee sem sat á skrifstofu í Sviss og vann við það verkefni að gera upplýsingar aðgengilegri en áður. Hann fann þá lausn að textaskjöl gætu innihaldið tengla. Tenglarnir væru ofnir inn í uppsetningu skjalanna þannig að þegar notendur finndu skjalið og læsu það myndu orð sem væru ofin sem tenglar vera merkt sérstaklega og lesandinn gæti með því að merkja við tengilinn fengið á skjáinn það skjal sem tengillinn væri helgaður án tillitis til þess á hvaða netþjóni tengiskjalið væri.

Tim tókst ætlunarverk sitt og hannaði staðal sem gerði þetta mögulegt. Kerfið sem hann bjó til er kallað *World Wide Web* skammstafað *www*. Staðallinn sem skjölin skyldu kóðuð eftir var nefndur *Hyper Text Markup Language* skammstafað HTML. Eiginleikar kerfisins voru að þeir netþjónar sem veittu *www* þjónustu gætu miðlað sýn á milli og til notanda öllum þeim skjölum sem á þeim væru vistuð og ef þau væru kóðuð með HTML-málinu og hefðu endinguna *html/htm* gætu þau nýtt og birt tengla.

Kerfið var einfalt í notkun. Hver sem hefði aðgang að Internetinu, þ.e. hefði notandanafn á vefþjóni gat vistað HTML skjöl í notandamöppu sinni á sínum netþjóni og þar með var notandinn kominn með heimasíðu eða síður á sínu heimasvæði.

Berners-Lee er sannur hugsjónamaður því hann eignaði sér ekki höfundarrétt að kerfinu heldur hafði hann það opið fyrir þróun. Þess í stað tryggði hann sér sæti í staðlaráði fyrir áframhaldandi þróun kerfisins.

Á fimm árum hefur *www* kerfið (eða Vefurinn eins og það er gjarnan kallað) gjörsigrað heiminn. „Allir“ eru að vefa, jafnt einstaklingar sem fyrirtæki og enginn er maður með mönnum nema hafa heimasvæði. Aðilar sem vilja koma upplýsingum á framfæri við hvern sem er án fyrirhafnar þurfa aðeins aðgang að netinu og viljann til að koma gögnum sínum á framfæri. Eins getur hver sem er nýtt sér netið til að nálgast upplýsingar eftir þörfum.

HTML-staðallinn hefur þróast mikið síðustu ár og er í áframhaldandi þróun. Hann hefur þó haldið þeim eiginleikum sem hann hafði í upphafi, að geta meðtekið og sett fram hverskonar gögn og vera einfaldur í meðhöndlun. Núorðið finnst á vefnum gríðarlegt magn af heimasvæðum, misjafnlega gagnlegum og skemmtilegum, sem innihalda texta, gagnagrunna, myndrænar framsetningar og hljóð, jafnvel hreyfimyndir. Í stuttu máli; margmiðlun af hvaða tagi sem er.

Þó HTML-málið sé í grunni sínum einfalt þá er umfang þess sem setja þarf fram af svo margbreytilegum toga að málið hefur þróast út í það að upprunaleg gerð þess til að vefa er orðin of umfangsmikil. Þess vegna eru komin á markaðinn fjöldi misöflugra forrita til þess að vefa heimasíður. Eitt hið öflugasta er án efa *FrontPage* frá *Microsoft*. Hugbúnaður sem leyfir notanda að vefa síður, flokka og setja saman umfangsmikið heimasvæði með mismunandi margmiðlun og viðskeyttum möguleikum án þess að notendur þurfi að læra staf í HTML-kóðun eins og áður var.

FrontPage er skemmtilegt verkfæri til að skapa og viðhalda fyrir vefinn hvaða efni sem hugurinn girnist.

Eðli vefsíðna

Allar heimasíður á Vefnum eru svokallaðar HTML-síður. Þá er átt við að texti og myndir sem birtast í síðunum eru settar upp með sérstakri HTML-kóðun, sem aftur segir vefskoðara notandans hvernig textinn á að líta út, hvar myndir eiga að koma fyrir, setur upp töflur til að halda utan um nánari upplýsingar. Með kóðuninni eru tenglar notaðir til að geta sótt aðrar síður hvort heldur á netþjóni móðursíðunnar, netþjóni í næstu götu eða handan við hnöttinn.

Í stuttu máli, hvaðeina sem höfundur síðunnar vill að komi fram er sett upp í sérstakri kóðun með HTML benslum. Síðan er það sett í möppu eigandans á vefnum og er þar með aðgengilegt hverjum sem er.

Þó *FrontPage* leyfi notanda að hanna heimasíður án allrar grunnþekkingar á HTML-málinu þá getur það samt komið sér vel að vera inni í eðli þess og grunnkóðun, enda kemur alltaf að því fyrir eða síðar að höfundur vefsvæðisins þurfi að laga eitthvað í vefsvæði sínu sem ekki er hægt að gera með fullkomnustu síðuritlum.

HTML-kóðun

Fyrsta og lengi vel vinsælasta verkfæri sem hönnuðir hafa notast við er *Notepad* textaritillinn í Windows (*Start - Programs - Accessories - Notepad*). Ástæðan er sú að allar HTML-síður eru kóðaðar með benslum (*Tag*) sem þurfti að setja handvirkt inn á síðurnar og var því best að setja þau inn með forriti sem ekki tæki upp á því að kóða útlit texta og staðsetningu sjálfkrafa.

Notepad er einfaldur textaritill án allrar sjálfvirkni og því ákjósanlegur fyrir slíkar kóðanir. Ef texti á, til dæmis, að vera **feittraður** (*Bold*) á síðunni þá þarf að gefa skipun um það með bensli. Slík skipun myndi þá líta svona út: `feittraður`

Þegar síðan er að því loknu skoðuð í vefskoðara sjást benslin ekki en textinn á milli þeirra birtist í samræmi við það sem benslin gefa til kynna. Flestöll bensli í HTML-málinu virka þannig að skipun innan benslanna byrjar án skástriks og endar virkni sína með skástriki.

Dæmi: `<skipun byrjar>` texti, myndir eða annað er sett inn `</skipun endar>`.

Kóðun skoðuð

Besta leiðin til þess að sjá hvernig þetta er gert er með því að skoða hvernig aðrir hafa kóðað sínar vefsíður. Það er gert þannig að á Internetinu getur lesandinn skoðað kóðun heimasíðunnar sem birtist á skjánum með því að smella á *View - source* í vefskoðara sínum. Þá birtist gluggi með öllum kóðunum sem notaðar hafa verið til þess að setja upp síðuna.

Ákveðnir kóðunar eiginleikar þurfa að vera í öllum HTML-síðum

- * Þær þurfa að hafa endinguna `.html` eða `.htm`.
- * Þær þurfa að byrja á `<html>` og `<body>` (efst á síðunni).
- * Efni sem á að birtast.
- * Þær þurfa að enda á `</body></html>`.

Ef eitthvað af þessu vantar á síðuna mun hún ekki birtast eðlilega.

Mikilvægt er að vista aðalsíðu heimasvæðis sem *index.htm*, þegar vefskoðari er stilltur inn á ákveðna slóð á netinu leitar hann sjálfkrafa að skrá með þessu nafni og setur á skjáinn. Sú skrá er þar með aðalforsíða heimasvæðisins.

Algeng HTML-bensli

Hverjum þeim sem ætlar sér að læra heimasíðugerð er ráðlagt að setjast við tölvuna sína og skoða kóðun annarra, setja upp tvær eða fleiri síður með HTML-kóðun og setja á vefinn. Þó bók þessi sé helguð *FrontPage* hugbúnaðinum eru hér sýnd algeng bensli sem ekki er hægt að vera án þegar heimasíða er hönnuð.

Þess skyldi ávallt gætt við HTML-kóðun að skrár og vísanir í skrár séu í lágstöfum og ekki með séríslenskum stöfum. Texti skjala má þó vera skrifaður hvernig sem er.

`<html>`Efst í skjali, gefur til kynna að síðukóðun hefist. `</html>` Þarf að vera neðst í skjali.

`<body>`Þar sem aðalefni skjals byrjar. `</body>` Þarf að vera næst neðst í skjali.

`<head>`Það sem er hér á milli er haus skjals, ekki í aðaltextasvæði. `</head>`

`<title>`Hér kemur sá texti sem á að koma í titillínu vefskoðarans (efst til vinstri). `</title>` *Title* er alltaf milli `<head></head>` Titill síðunnar er sá texti sem kemur í *Favorites* listann í vefskoðaranum þegar gefin er skipunin *Favorites - Add to Favorites*.

``Texti til að smella á. `` Tengill kóðaður með slóð og texta sem notendur geta smellt á. Gæsalappirnar verða að vera annars virkar tengillinn ekki.

``Texti til að smella á ``. Tengill sem sækir aðra síðu í sömu möppu.

``Texti til að smella á ``. Tengill til að sækja aðra síðu á annan netþjón.

`` Texti til að smella á ``. Tengill sem sækir aðra síðu í möppunni textar en mappan textar er í sömu möppu og gildandi síða.

``Nafn til að smella á. ``Tengill til að smella á svo hægt sé að senda póst til t.d. höfundar síðunnar.

`` Mynd skal birtast þar sem þetta bensli kemur fyrir.

`<h1>`Texti sem er fyrirsögn 1. `</h1>`, `<h2>`Texti sem er fyrirsögn 2. `</h2>` Fyrirsagnir eru alls sjö talsins, sú með stærsta lettrið er númer 1 og svo minnkar það með hækkandi númerum.

`<hr>` Lárétt lína þvert yfir skjáinn. `</hr>` `<center>`Hlutir miðjujafnast`</center>`,

``texti feitletrast`` , `<p>`málgrein hefist og endar`</p>`, `
`línuskipting (er án `</br>`).

`<i>`skáletrun`</i>`,

`<table border="1">` Tafla byrjar með línuþykkt 1. Þessi tafla er þrjár línur með tveimur dálkum.

`<tr><td>`Fyrsta lína, v. dálkur`</td><td>`Fyrsta lína, h. dálkur`</td></tr>`

`<tr><td>`Önnur lína, v. dálkur`</td><td>`Önnur lína, h. dálkur`</td></tr>`

`<tr><td>`Þriðja lína, v. dálkur`</td><td>`Þriðjalína, h. dálkur`</td></tr>`

`</table>` Tafla endar.

Vinna með HTML-kóðun

Hér á eftir fer ein dæmasíða gerð með einfaldri HTML-kóðun í *Notepad*. Við svona kóðun byrjar höfundurinn að ræsa kóðunarforritið og vistar síðuna strax með réttu nafni með *File - Save As*. Í *Save As* glugganum velur hann staðsetningu á harða diskinn. Ævinlega skyldi þá velja möppu sem ekki inniheldur neitt annað og helst að búa hana til sérstaklega í þessum tilgangi. Gæta skal þess að vista skjalið með endingunni .htm(l) en *Notepad* vistar gjarnan með endingunni .txt þó hann leyfi hvaða endingu sem er.

Kannski þarf að tvísmella á táknmyndina *My Computer* á skjáborðinu (*Desktop*), velja *View - Folder Options*, smella á *View* flipann og merkja við möguleikann *Show all files* til að gera forritinu mögulegt að vista með htm(l) endingunni.

Meðan verið er að vinna síðuna er öðru hverju vistað (*File - Save*) en allan tímann er vefskoðarinn hafður í gangi í tölvunni. Í honum er valið *File - Open*, smellt á *Browse* hnappinn fundin mappan sem geymir .htm skjalið og það opnað. Eftir hverja vistun í *Notepad* er smellt á táknmynd vefskoðarans á Verkstíkunni (sjá orðalista) og smellt á hnappinn *Refresh* á aðal tækjastíkunni til að skoða síðuna.

Dæmasíða

```
<html> <head> <title> Dæmasíða </title> </head>
```

```
<body><h1>Hér kemur fyrirsögn </h1>
```

```
<center><p>Þetta er grafalvarleg heimasíðu-kóðun í Notepad forritinu sem fylgir Windows stýrikerfinu. </p></center>
```

```
<p>Þegar síða af þessu tagi er hönnuð, skal gæta yfstrustu nákvæmni við kóðun. Ekki þarf að vanta nema eina gæsalöpp á einum stað til að vefarinn missi stjórn á útliti síðunnar. Þess vegna verður að skoða kóðunina vel og vera duglegur að skoða í vefskoðaranum.<br>
```

```
Alltaf er gaman að grúska í kóðun, sumir hafa gaman af og grúska meira. Aðrir fá leið strax og fara beint að vinna í FrontPage.<br>
```

```
Sumir setjast eitt kvöld, fara á Internetið og skoða kóðun á skemmtilegum síðum, stæla hluta þeirra og gleyma sér við tilraunir fram á morgun. </p>
```

```
Sumir læra nóg á einni nóttu, aðrir eru seint fullnuma.<br>
```

```

```

```
<hr>Heimasíðugerð er kennd í <a href="http://www.tolvuskoli.is/">Tölvuskóla Reykjavíkur.</a>
```

```
<address>Smelltu <a href="mailto:tolvuskoli@tolvuskoli.is">hér</a> til að senda okkur tölvupóst</address>
```

```
</body>
```

```
</html>
```

Í línunni `` er vísað í mynd á internetinu en einnig má vísa í mynd sem er staðsett í sömu möppu og htm(l) síðan.

Fyrst er myndin þó fundin á tölvunni með *Windows Explorer* og opnuð til þess að ganga úr skugga um að hún henti í vefnaðinn. Síðan er hún afrituð í viðeigandi möppu. Einnig mætti fara á Netið og finna mynd en hana má þá vista á harða diskinn með því að smella á hana með hægri músarhnappi og velja *Save Image As*. Passa verður að nota einungis myndir með .jpg eða .gif endingu.

Myndir og Netíð

Heimasíðan mun aldrei innihalda myndina sjálfa heldur nota bensli til að vísa í hana þannig að þegar síðan kemur inn í vefskoðara notandans þá er myndskjalið sótt sérstaklega. Því fleiri og þyngri myndir sem notaðar eru á síðu, því lengur er hún á leiðinni frá Netinu yfir til tölvu notandans. Textinn er fljótur að koma en forritið er lengur að sækja myndirnar.

Vinsældir heimasíðna er m.a. tilkomin af möguleika þeirra til þess að sýna hvers konar myndir og þar með þeim aukna sveigjanleika sem höfundar efnis fengu til þess að senda frá sér efni á aðgengilegri máta en áður. Helsti vandinn sem glímt var við í upphafi var að myndir taka að upplagi mikið pláss, bæði í vinnsluminni og í geymslurými tölva. Ljósmynd í lit af stærðinni A4 getur tekið allt frá 20 MB til 100 MB, allt eftir upplausn myndanna. Til samanburðar tekur ein Biblía u.þ.b. 5,5 MB (sjá orðalista).

Um tvennskonar upplausn er talað þegar rætt er um myndir. Annars vegar stærð myndar í punktum eða pixelum og er þá yfirleitt átt við breidd x hæð. Gjarnan er talað um skjáupplausn á þennan hátt, til dæmis eru flestir skjáir stilltir á skjáupplausnina 800 á breidd og 600 á hæð. Þá er átt við breidd myndar og hæð sem er sjáanleg á skjá. Hinsvegar er talað um upplausn á tommu (dpi) og er þá átt við fjölda punkta á hverja tommu í myndinni sjálfri.

Mynd getur t.d. verið 100 x 150 punktar að stærð með upplausninni 150dpi. Allir tölvuskjáir miðast við upplausnina 72dpi. Því fleiri punktar (hærri tala) í dpi því skarpari mynd, því fleiri punktar í lengd x breidd, því stærri myndflötur.

Þessi atriði geta virkað mótsagnakennd. Þannig getur hærri dpi upplausn stundum virst stækka mynd á skjá án þess að hafa nokkuð að segja með prentstærð úr prentara. Til að fá góða tilfinningu fyrir þesskonar hlutum þarf dálitla æfingu í myndvinnsluforritum.

Aðalatriðið er þó að því fleiri punktar í mynd, hvort heldur átt er við stærð eða dýpt, því stærra skjal í KB sem vistast í tölvunni og þar af leiðandi er myndin lengur í flutningum gegnum símalínur Internetsins.

Hér er aðalatriðið í myndvinnslu netsins. Allir vilja hafa myndir á vefsíðum sínum og allir vilja sjá myndir á vefsíðum. Margir staðlar í skráavinnslu mynda eru til og má segja að hvert einstakt myndvinnsluforrit eigi sinn staðal og að flest þeirra lesi myndir hinna. Má því segja að engu máli skipti hvert myndvinnsluforritið sé en hvaða staðlar séu notaðir skipti öllu máli.

Staðlarnir *jpeg* og *gif*

Tveir staðlar hafa haft vinninginn frá upphafi, myndir með endingunni *.gif* og *.jpg*. Oft er vísað til *gif* mynda og *jpg* mynda. Má segja að munurinn sé sá að *gif* myndir eru léttastar í flutningi en leifa minni litadýrð og er þá átt við að fjöldi sýnilegra lita sé 256 eða minni. Myndir með *jpg* endingu leyfa hins vegar hiklaust 16 milljón liti og ráða því við mun meiri dýpt. Þó eru þær ekki alltaf eins skarpar. Í báðum stöðlunum er mynd úr myndvinnsluforriti þjappað saman með þjöppunarstaðli til að gera hana sem léttasta í flutningi, oft á kostnað myndgæða.

Margir miða myndanotkun sína við það hvort sýna eigi ljósmyndir eða teikningar. Ljósmyndir eigi hiklaust heima í *.jpg* staðli en teiknaðar myndir þurfi sjaldnast meiri dýptar en *.gif* staðalinn. Að auki geta eingöngu *.gif* myndir verið með gagnsæjan bakgrunn.

Mestu skiptir þó að skrárnar sem geyma myndirnar séu ekki of stórar og þar af leiðandi lengi í flutningi yfir Netið. Vefarinn miðar yfirleitt við stærð skráa í KB þegar verið er að velja þar á milli.

Heimatölvan og Internetið

Í allflestum tilfellum þar sem vefsmíði fer fram er unnið á heimatölvu notandans. Er þá allur vefurinn settur upp í möppu á hörðum disk vélarinnar og þegar vefurinn hefur tekið á sig útlit sem höfundurinn sættir sig við er tímabært að setja síðurnar og annað sem fylgir með. Eftir það er kannski haldið áfram vinnu við vefinn á heimatölvunni og síðan uppfært reglulega inn á Netið.

Tvær leiðir eru helst í boði þegar að þessu kemur annars vegar *Ftp* og hins vegar *Publish FrontPage Web*. Sú síðari er tekin fyrir aftar í bókinni en þar er um að ræða sérstakan hluta *FrontPage* til þess að gera slíkt eins sjálfvirkt og kostur er.

Þó fyrrnefnda leiðin sé ekki hluti af *FrontPage* er hún gömul og góð til þess að setja síður og skjöl handvirkt inn á vefinn við ýmsar aðstæður. Aðalkostur aðferðarinnar er að notandinn hefur nákvæmari stjórn á því hvað sett er á Netið og eins hvar það lendir. Sérstaklega er hún góð til þess að skilja betur hvaða ferli á sér stað við slíka færslu en þetta ferli er ekki eins augljóst þegar *Publish* aðferðin er notuð.

Ftp flutningur


Með *Ftp* er átt við *File Transfer Protocol* (samskiptareglur við skráa flutninga). Auðvelt er að nálgast algengasta forritið *Ws_ftp* sem notað er við þetta. Hugmyndin er sú að flytja gögn á milli tölvu, þ.e. á milli heimatölvunnar og netþjónsins.

Fyrst þarf að tengjast netinu. Farið er í *Dial Up Networking* og ræst sú nettenging sem helst er notuð í tölvu notandans.

Þegar tenging við netið fæst þarf yfirleitt að nota nafnhluta netfangs í *User name* (*nafn@netfang.is*). *Password* er síðan lykilorð notandans til að staðfesta að réttur aðili sé að nota viðkomandi nafn.

Á myndinni þar fyrir neðan sést mynd af tengitákninu sem kemur í kerfisbakkanum neðst til hægri á skjánum til merkis um að tölvun sé tengd netinu. Með því að hægri smella á táknið og velja *Disconnect* má aftengjast Netinu aftur.

Þessu næst er *Ws_ftp* forritið ræst. Þá kemur upp glugginn *Session Profile*. Sá gluggi er til að geyma stillingar notanda til að tengjast mismunandi svæðum á Netinu.



Hér til hliðar er smellt á hnappinn *New* til að búa til nýtt *Profile Name*.


Síðan er skrifað nafn, má gefa hvaða nafn sem er. Hér er notandinn **elias@tolvuskoli.is** að stilla fyrir sitt vefsvæði

Í *Host Name* er gefin slóð í tölvuna sem skal tengjast (yfirleitt er gefið *ftp.tolvunafn* eða *www.tolvunafn*).


Í *Host Type* er best að hafa stillt á *Automatic detect*.

Í *User ID* er nauðsynlegt að gefa nafnhluta úr netfangi (sama og notað er þegar tengt er Internetinu).

Í *Password* er slegið inn lykilorðið sem notandi notar til að tengjast Netinu. Hægt er að vista lykilorðið með því að smella á skipunina *Save Password*.



Að lokum þarf að smella á *Save* hnappinn í ofanverðum glugganum til að geyma stillingarnar. Þegar smeltt er á *OK* hnappinn reynir tölvun að tengjast möppu notandans á Netinu og biður um lykilorð til staðfestingar.



Hér til hliðar er sýnt dæmi um lista sem notandi hefur vistað í *Session Profile* yfir fjölda tölva sem hann hefur þurft að tengjast. Er þannig hægt geyma stillingarnar þar til næst þarf að nota þær.



Þegar hringt er inn á Netið, sóttur tölvupóstur eða tengst með *Ftp* er í öllum tilfellum verið að tengjast sama netþjóninum. Því er alltaf notað sama notandanafn og lykilorð.

Þegar tenging er komin á birtist myndin hér fyrir neðan.

Vinstri hliðin er heimatölva notanda, en hægri hliðin er mappa hans á netþjóninum.


Örvarnar á lóðréttu svæðinu á milli eru til þess að afrita valdar skrár á milli tölvanna.

Örvarnar efst t.v. í hvorum glugga eru til að fara upp úr gildandi möppu í næstu fyrir ofan í trénu.

Neðst vinstra megin má velja mismunandi drif heimatölvunnar.

Í vinstri glugganum er búið að velja skrána *index.htm* í vefsvæði *FrontPage* á heimatölvunni og aðeins eftir að ýta á viðeigandi örvaðapp til að koma henni yfir.


Með *Ftp* forritinu má síðan skoða innihald skráa, eyða þeim eða endurnefna. Einnig má búa til eða eyða möppum að vild.



Slóð í heimasvæði notandans **elias@tolvuskoli.is** er nú orðin: **www.tolvuskoli.is/~elias/**. Samanburður netfangsins og slóðarinnar sýnir hvernig öll netföng fá *www* slóð með þessum hætti.

Í heimasvæðinu hægra megin er búið að búa til möppuna *www* með því að styðja á hnappinn *MkDir* en til að heimasíður sjáist á netinu þarf að setja þær inn í slíka möppu.

Í neðri glugganum sést innihald sömu möppu eftir að tvísmellt hefur verið á hana.



Skipulag vefja

Með heimasvæði er átt við það þegar búið er að setja saman á einn stað fleiri en eina heimasíðu og tengja þær saman að einhverju leyti. Strax þegar byrjað er að setja saman svæðið er nauðsynlegt að skipuleggja það með notendur í huga. Vefhönnuðurinn verður að setja sig í spor notandans sem á að sjá síðurnar. Hann þarf að reyna að átta sig á hvað fær notandann til að fara lengra en bara að skoða fyrstu síðuna; hvað fær hann til að koma aftur. Hver er markhópur vefsins? Er verið að gera persónulegt svæði sem vinir og kunningjar eiga að skoða og kannski aðeins fleiri? Er ætlunin að setja upp þjónustu við viðskiptavinum fyrirtækis, upplýsingamiðlun eða auglýsa vörur og þjónustu? Nauðsynlegt er að átta sig vel á slíkum hlutum og ekki hika við að nota mikinn tíma við að skoða hvernig aðrir hanna heimasvæði.


Gott er að nota leitarvélars Netsins til að reyna að finna svæði sem gætu verið góðar fyrirmyndir, skoða vel skipulag annarra, efnisinnihald og kóðun.

Einfaldleikinn

Mikilvægt er að fyrsta síða svæðisins sé lítil í KB og einföld, að notandi átti sig fljótt á eðli síðunnar og auðvelt sé að komast af hvaða síðu svæðisins sem er aftur á upphafssíðuna.

Tenglar þurfa að hafa skýran tilgang og er ekki mælt með því að tenglar opnast í sér glugga því það ruglar lesendur í rýminu. Ef notaðar eru rammasíður þarf að haga fjölda þeirra og hönnun eins smekklega og hægt er.

Besti kennarinn í þessu er að skoða sem flest vefsvæði á netinu og setja sjálfan sig í spor lesenda eigin svæðis. Á myndunum eru dæmi um mismunandi skipulag vefja.





Innihaldið


Þegar byrjað er að vefa þarf að ákveða hvað á að koma fram á svæðinu. Þá er síðunum raðað upp til að flokka í hópa og ákveðið hvað á að tengjast hverju.

Þetta er gert á blaði fyrst en allt efni skyldi tengjast í einföldu skipulagi frá einni forsíðu og aðgengi til hennar til baka frá öðrum síðum á alltaf að vera augljóst fyrir lesendur.

Mjög mikilvægt er að hafa skýrt hvað heimasvæðið geymir og að notandi átti sig á því strax á fyrstu tenglunum

Mælt er með að vefir séu léttir í flutningi, þ.e. að síðurnar séu ekki minnisfrekar og myndanotkun sé stillt í hóf.






Tenglar

Tengill er texti eða mynd sem hefur verið kóðuð þannig að notandi geti smellt á og fengið nýja síðu á skjáinn, hvort sem síðan er innan sama svæðis eða á öðrum netþjóni. Báðar myndirnar hér eru af sömu heimasíðu með sömu tenglum, sú efri með tenglunum á víð og dreif innan um texta síðunnar og upplögð til að rugla notanda í ríminu. Á þeirri neðri er sömu tenglum snyrtilega raðað vinstra megin í síðunni.

Hvor er nú líklegri til að vera heimsótt aftur?



2. FrontPage Explorer


Eldri vefur opnaður

Þegar *FrontPage* er ræst kemur upp *Getting Started* gluggi forritsins. Sá gluggi er ætlaður til þess að opna þann vef sem ætlunin er að vinna við. Hægt er að smella á skipunina *Always open last web* og opnast þá alltaf sjálfkrafa sami vefurinn.

Hægt er með hnappinum *More Webs* að fá lista yfir fleiri vefi sem hannaðir hafa verið í tölvunni en þeir helstu eiga þó að birtast í aðal glugganum neðan við skipunina *Open an Existing FrontPage Web*.

Í þessum lista sjást alltaf þeir vefir sem unnið hefur verið með undanfarið auk móðurvefsins *Personal Web* sem settur er inn sjálfkrafa og er ætlaður sem upphafsvefur tölvunnar. Honum má breyta og gera að sínum eigin.

Ef vinna á aðeins einn vef á tölvunni er upplagt að opna *Personal Web* vefinn og breyta honum. Það getur verið góð þjálfun og hafsjór nýrra hugmynda.



Nýr vefur búinn til

Skipunin *Create a New FrontPage Web* er gefin sé ætlunin að setja nýjan vef inn á tölvuna. Þegar smellt er á *OK* hnappinn kemur á skjáinn *New FrontPage Web* skjámyndin. Þessi skjámynd er í tveimur skrefum.


Skref eitt er með þremur möguleikum:

- Vef með einni síðu
(*One Page Web*)
- Sækja inn tilbúinn vef
(*Import an Existing Web*)
- Sjálfgerðan vef
(*From Wizard or Template*)

Í síðasta möguleikanum gefst færi á að velja nokkrar tegundir vefja sem *FrontPage* býr síðan til fyrir notandann og gefur þar með góðar hugmyndir að útlitshönnun og skipulagi efnis.

Hér er verið að velja slíkan vef með engri síðu sem er góð aðferð til að byrja alveg frá grunni án nokkurrar aðstoðar eða sjálfvirkni.

Í skrefi tvö er beðið um titil fyrir vefinn. Sá titill sem hér er skrifaður skyldi alltaf vera í lágstöfum og án orðabíla. Þetta nafn er síðan notað til þess að gera möppu á harða diskinn fyrir vefinn.





Lykilorð í FrontPage

Þegar stutt hefur verið á *OK* hnappinn í *New FrontPage Web* glugganum kemur gluggi þar sem beðið er um nafn og lykilorð. Ekki er um að ræða sama nafn og lykilorð og í notanda aðgangi fyrir Netið.

Hér er eingöngu verið að bjóða notanda að læsa aðgangi annarra að vefsmíði hans í *FrontPage*, þ.e. ef aðrir komast í tölvuna. Mælt er með því að hafa sama nafn og lykilorð og hafa það einfalt, t.d. lykill og lykill, eða gælunafn notandans því ef notandi býr til lykilorð sem er flókið og gleymist þá eru vefirnir sem hann hefur hannað læstir.

Það nafn og lykilorð sem slegið er inn í fyrsta sinn mun síðan gilda fyrir alla vefi í *FrontPage* í þessari tölvu meðan forritið er í notkun.

Þegar stutt hefur verið á *OK* er vefurinn búinn til. Á harða disknum er mappan:


C:\FrontPage Webs\Content Í þessari möppu vistast allir vefir sem gerðir eru í forritinu og fær hver vefur sama nafn og gefið er í skrefi tvö í *New FrontPage Web* ferlinu.

Á myndinni hér fyrir neðan sést þegar vefurinn er búinn til en þó sést ekki slóðin á harða disknum heldur **http://nafntölvunnar/nafnmöppunnar**.

Þetta er vegna þess að FrontPage líkir eftir netþjóni á tölvu notandans og gefur harðdisk slóðinni

C:\FrontPage Webs\Content vefslóðina: **http://nafntölvu/**

Til þess að þetta sé mögulegt ræstist sjálfkrafa forrit sem kallast *Personal Web Server*. Þegar það er haft í gangi má með vefskoðara skoða heimasíður tölvunnar með því að slá inn þessa vefslóð í slóðalínu (*Address*) vefskoðarans.



Tilbúinn vefur sóttur

Sé í *New FrontPage Web* glugganum valin skipunin *Import an Existing Web* kemur gluggi með tveimur möguleikum.

Í báðum tilfellum er gert ráð fyrir því að notandi viti um vef sem nota megi við grunnhönnun eða áframhaldandi viðhald.

Fyrri möguleikinn gerir ráð fyrir því að vefurinn sé til inni á tölvu notandans og er þá valin skipunin *From a source directory...network*. Best er þá að smella á Browse hnappinn til að finna möppuna sem geymir vefinn á tölvunni, t.d. þann vef sem áður var búinn til með *Notepad*.

Síðan er smellt á *OK* hnappinn og er þá vefurinn sóttur með öllum skjölum og myndum tilbúinn í meðhöndlun í *FrontPage*.

Í síðari möguleikanum: *From a World Wide Web site* er gert ráð fyrir að vefurinn sé tilbúinn á Internetinu sjálfu. Þarf þá að skrifa slóð vefsins í *Location* línuna og smella á *Next* hnappinn.

Þá birtist gluggi þar sem notanda er boðið að stilla hvað skuli sækja mikið magn gagna af vefnum:





Limit to this page plus ... , / 5 / levels below: Skilgreinir *index* síðuna og fylgisíður allt að fimm möppur niður möppuskipulag vefsins.

Limit to / 500 / KB: Hversu mikið magn (í Kílóbætum) megi sækja.

Limit to text and image files: Hvort sækja eigi eingöngu HTML-síður og myndir eða hvort sækja eigi hvaða gögn sem er á svæðinu. Sumir geyma forrit og forritastillingar, *Word* og *Excel* skjöl á svæðum sínum og óvíst er hvort notandi vilji sækja slíka aukahluti.

Síðasti glugginn gefur notanda síðan tækifæri til að fara afturábak með *Back* hnappi og endurstilla eða smella á *Finish* hnappinn til að sækja vefinn.

Nauðsynlegt er að vera tengdur Netinu ef nota skal þessar stillingar.




FrontPage Explorer

Þegar unnið er með vefinn í heild sinni er auðvelt að missa sjónar á stærð og umfangi hans. Til þess að einfalda þessa vinnu og gera hana aðgengilegri er *FrontPage Explorer*.

Með *Explorer* er auðvelt að hafa yfirsýn yfir fjölda síðna, mismunandi möppur sem geyma t.d. myndir og undirsíður, færa hluti af einum stað á annan, eyða hlutum eða búa þá til.

Á *FrontPage Explorer* eru sjö táknmyndir í lóðréttri stiku lengst til vinstri á skjánum þar sem notanda gefst kostur á að skipta á milli mismunandi sjónarhóla vefsins. *Folders*, *All Files*, *Navigation*, *Hyperlinks*, *Hyperlink Status*, *Themes* og *Tasks*. Hér á eftir er hver sjónarhóll útskýrður sérstaklega.



Navigation sjónarhóll

Þegar nýir vefir eru hannaðir opnast *Explorer* sjálfkrafa í *Navigation* sjónarhól. Í þessum glugga leyfist notandanum að sjá í neðri hluta skjásins allar síður sem til eru á vefnum og með því að draga þær upp í efri hluta skjásins myndast sjálfkrafa tengingar milli einstakra hluta vefsins.

Þegar síða er dregin úr neðri hluta og upp í þann efri myndast gráleit strik sem sýna hvernig síðan myndi tengjast þeirri næstu. Hægt er að mynda mismunandi þrep og þannig flokka eftir því sem notanda sýnist hverju sinni.

Þegar tenging er búin til á þennan máta eru svæði með hnöppum sett sjálfkrafa inn í stað tengla. Hnapparnir mynda síðan nöfn í samræmi við titla síðnanna. Með titli síðunnar er átt við þann titil sem skilgreindur er til að sjást í titillínu vefskoðarans þegar síðan er skoðuð en ekki raunverulegt nafn skjalsins sem myndar síðuna.

Einnig má eyða út tengingum í þessum glugga með því að smella á tákn síðnanna og velja *Delete*.

Samnýttir jaðrar



Þegar tengingar eru búnar til með *Navigation* eru sjálfkrafa settar inn tengingar í þær síður sem tengja skal. Er þetta gert með því að á hverri síðu á vefnum er gert virkt svæði sem kallast *Shared Borders*.

Shared Borders má stilla af með skipuninni *Tools - Shared Borders*. Má á þeirri valmynd ákveða hvaða svæði síðnanna innihalda þá eiginleika.


Getur notandi haft nokkurt vald yfir fjölda þeirra í samræmi við hversu margar síður skulu vera á vefsvæðinu og hvernig þær eiga að tengjast saman.

Síður sem eru hlið við hlið í *Navigation* hluta *Explorer* eiga yfirleitt tengla á efsta hluta síðunnar en síður sem tengjast niður í næsta þrep niður á við skulu vera hægra eða vinstra megin.

Tenging fyrir næstu síðu fyrir ofan og næstu síðu á undan í tengingum koma einnig fyrir efst á síðunni. *FrontPage* á að meðhöndla þessa virkni alveg sjálfkrafa. Neðsti hluti síðunnar er síðan fyrir texta sem skal vera sameiginlegur á öllum síðum.




Myndirnar tvær hér fyrir neðan sýna að búíð er að smella á hnappinn *New Page* á tækjastikunni í *Explorer* og nefna nýju síðuna *Interests*, fyrst var þó aðalsíðan nefnd *Heimasvæði*. Búíð er að draga *Interests* upp í *Navigation* gluggann til að mynda tengingu frá *Heimasvæði* yfir í *Interests* eins og sést á myndinni. Þegar *Heimasvæði* er opnuð sést að kominn er tengihnappur í síðuna *Interests*.




Hægt er að breyta hvernig *Shared Borders* virka fyrir hverja síðu.

Í *FrontPage Editor* er gefin skipunin *Tools - Shared Borders* og smellt á skipunina *Set for this page only* og virkar stillingin eingöngu fyrir viðkomandi síðu.

Þessu má breyta til baka með *Use web default* og er þá breytt í sjálfgefnar stillingar forritsins.





Hyperlinks sjónarhóll

Næsti hnappur neðan við *Navigation* hnappinn er *Hyperlinks*. Hann má nota til að sjá hvernig síðurnar á vefnum tengjast innbyrðis, hvaða myndir eru tengdar á síðunum, hvaða síður innihalda pósttengla og hvaða tenglar fara út fyrir vefsvæðið.

Hægt er að sjá hvaða tenglar endurtaka sig á svæðinu hvaða síður eru tengdar í fyrri síðu (þ.e. síða inniheldur tengil í aðra síðu sem inniheldur tengil til að fara til baka).

Hyperlinks er skipt í tvo glugga, hægra megin er gluggi fyrir þá síðu sem valin er í trénu, vinstri gluggi er fyrir allar síður og hluti sem eru til staðar á vefsvæðinu.


Efst er heimasíðan sjálf táknuð með húsi með *plús/mínus* tákni framan við. Sé *mínus* táknið sýnilegt sjást allir hlutir tengdir frá síðunni. Sé *plús* táknið sýnilegt sést ekkert út frá síðunni. Þetta á við um allar síður.

Sé strengur frá *plús/mínus* tákni heimasíðunnar og hangi einhverjir hlutir í þeim streng eru þeir hlutir móðurlausir og annaðhvort á eftir að tengja þá síðar eða að ekki er ætlunin að tengja þá.

Hægt er að velja hvaða síðu sem er og sjá með strengjum hennar hvort aðrir hlutir tengist henni eða ekki auk þess hvers eðlis þeir hlutir eru.

Táknmynd af textaskjali þýðir heimasíðu, táknmynd af andliti þýðir mynd, hnattmynd þýðir tengil út úr svæðinu og brotin mynd þýðir rofinn tengil í hlut innan svæðisins. Tengillinn er rofinn því hluturinn er ekki lengur til staðar.

Hægt er að smella með hægri músarhnapp á hvaða skjal sem er. Þá er hægt að eyða skjalinu, velja að opna það í viðkomandi ritli (*Editor*) eða fá frekari upplýsingar (*Properties*).



Folders sjónarhóll

Hér er unnið með möppur og undirmöppur fyrir vefinn. Mikilvægt er þegar unnið er með vefi að hafa góða yfirsýn yfir vefinn og eru möppur góðar til að skipuleggja hann betur.

Tökum sem dæmi vef með 8 síðum. Hverri síðu tilheyra 3 myndir sem aldrei eru samnýttar. Þá eru komin 33 skjöl á svæðið svo auðvelt er að missa yfirsýn. Með möppum getur notandi búið til nýjar möppur og flokkað skylda hluti með því að draga þá saman.


Sérstaklega er þetta mikilvægt með myndir. Algengt er að höfundar noti undirmöppu á vefnum sem þeir kalli annaðhvort *images* eða *img*. Þá er gjarnan vísað í kóðun til þess að myndir geymist í undirmöppu t.d. ``.

Eigi að nota möppur af þessu tagi í *FrontPage* er notuð skipunin *File - New - Folder*. Þá myndast ný undirmappa í þeirri möppu sem valin er. Bedið er eftir að notandi skrifi nafnið og stýðji á *Enter*. Síðan er hægt að færa skrár með því að draga þær í viðkomandi möppu.

Hægra megin sést inn í þá möppu sem valin er og vinstra megin sjást þær möppur sem til eru á vefsvæðinu. Efstu möppuna bjó *FrontPage* til á vefsvæði sínu þegar vefurinn var myndaður.

Ef síða eins og *index.htm* vísaði á að birta *mynd.gif* og hún var síðan færð úr vefróttinni inn í möppuna *images*, þurfti að opna *index.htm* og breyta kóðuninni þannig að hún vísaði áfram á rétta mynd. Þetta gat verið mikil vinna ef þurfti að opna margar síður og breyta hverri fyrir sig.

Nú er þetta breytt því *FrontPage* getur sjálfkrafa breytt tenglum síðna á vefsvæði sínu ef skjöl eru færð úr stað, sem er til mikilla þæginda fyrir notendur forritsins.



All files sjónarhóll

Hér er ekki ósvipað sjónarhorn og í *Folders* að því undanskildu að aðeins einn gluggi er virkur og í honum sjást öll skjöl sem eru til staðar á vefsvæðinu, óháð því í hvaða möppu þau eru geymd.


Allar skrár birtast í stafrófsröð vinstramegin. Síðan eru dálkar sem sýna: titil fyrir vefskoðara, möppustaðsetningu, hvort síðan sé tengd frá öðru skjali, stærð í KB, tegund skjals, hvenær síðast var hreyft við því og hver vann við það.

Hægt er að breyta hvernig skjölin raðast með því að smella með músinni á heiti hvers dálks fyrir sig. Ef notandinn vill fá birtar allar síður eftir stærð þá smellir hann á *Size*, eru þá birtar minnstu síðurnar (í bætum) efst og svo stækkandi niður. Með því að smella aftur á *Size* snýst röðin við.

Hægt er að smella þannig á hvern dálk fyrir sig og skoða innihald vefsvæðisins eftir því hverju leitað er að í hvert sinn. Með *Orphan* dálkinum má t.d. sjá hvaða síður eru tengdar og þannig sýnilegar á vefsvæðinu þegar á vefinn er komið (merkt *Yes*) og hvaða skrár eru ótengdar (merkt *No*).

Sérstaklega er hverskonar skoðun af þessu tagi þægileg þegar vefsvæði hefur stækkað mikið og inniheldur kannski hundruðir skráa.

Þarna, eins og reyndar líka í *Hyperlinks*, *Navigation* og *Folders* hluta má smella á síður og eyða þeim eða endurnefna þær. Einnig má tvísmella á skjal og opna til að breyta frekar í síðuritlinum.



Hyperlink status sjónarhóll

Þegar vefsvæði er orðið stórt og inniheldur kannski nokkurt magn tengla út fyrir vefsvæðið getur verið gott að athuga hér stöðuna á tenglum. Vefurinn er í eðli sínu lifandi fyrirbæri hvað það varðar að síða sem sett var inn á vefinn í gær er ekki endilega á sínum stað á morgun.



Oft færast síður úr stað, breytt er um nöfn eða þeim eytt af Netinu og er mikil vinna að fylgjast með slíku handvirkt ef mikið er um slóðir í safninu.


Mikil vinna getur verið að fylgjast með slíkum tenglum og yfirleitt ógerlegt að fylgjast með þeim öllum.

Því getur verið gott að fara reglulega í *Hyperlink status* í *FrontPage* og láta forritið athuga sjálfkrafa hvort tenglar séu virkir eða ekki.

Þá er smellt á þann tengil sem ber að athuga og valin skipunin *Tools* - *Verify hyperlinks*. Ef margir tenglar eru valdir saman kemur valmynd eins og hér til hliðar þar sem spurt er hvort athuga eigi alla tengla eða eingöngu þá sem valdir eru. Á myndinni efst á síðunni sést að fjórir tenglar eru óþekktir, einn virkar og einn virkar ekki. Hægt er að velja alla fjóra óþekktu tenglana (með því að halda niðri *Ctrl* lykli) í einu og láta athuga þá eingöngu.

Smella má með hægri músarhnapp á rofna tengla (*Broken*) og velja *Edit Hyperlink*. Þá kemur mynd eins og hér til hliðar þar sem hægt er að skipta sjálfkrafa um tengla á þeim síðum sem tengillinn kemur fyrir. Eins má opna síðurnar með þessari valmynd og skoða tenglana fyrst.






Themes sjónarhóll


Hægt er að hafa sjálfvirkt útlit á síðum með *Themes* sjónarhólnum. Mörgum finnst ofaukið að vera að eyða miklum tíma í útlit síðnanna sjálfra enda sé efnið aðalatriðið.

Þegar smellir á *Themes* hnappinn kemur upp gluggi með möguleika á tugum sjálfvirkra uppsetninga á þemum (*Themes*). Til að auðvelda valið er smellið á nafn einhvers þema í listanum og kemur þá sýnishorn þess útlits hægra megin í gluggann. Ekki sést heimasíðan sjálf í þessum glugga heldur aðeins ímyndað sýnishorn. Ef smellið er á hnappinn *Apply* neðst á skjánum er þemað gert virkt fyrir allar síður á vefsvæðinu.

Þemað tekur gildi fyrir allar síður vefsvæðisins svo ekki þarf að eltast við hverja síðu fyrir sig og leiðrétta eftir á.

Þó má þegar verið er að vinna í einstökum síðum í *Editor* velja skipunina *Format - Theme*. Þá kemur valmynd eins og hér til hliðar sem leyfir notandanum að stilla sérstaklega síðu sem er opin.






Tasks sjónarhóll


Þægilegt getur verið, sérstaklega þegar vefsvæði verður sífellt stærra, að setja minnismiða (*Task*) við einhverja síðu.

Vefsíðan er valin og gefin skipunin *File - New - Task* (á neðstu myndinni sést sama skipun gefin með því að smella á síðuna með hægri músarhnapp).

Þá kemur gluggi eins og hér til hliðar þar sem *Task* verkefnið fær nafn og lýsing er gefin á því verki sem vinna skal. Það er þá tengt viðkomandi síðu.



Á efstu myndinni sést í *Task* hlutanum listi yfir öll þau verkefni sem úthlutað hefur verið, hvaða síðum þau tengjast, hvort þeim hefur verið lokið eða ekki, hvenær þau voru búin til og hver gerði þau.



Nú má vinna verkið úr *Task* hluta með því að velja viðkomandi síðu og gefa skipunina *Edit - Do Task*.

Einnig má hægrismella á síðuna og gefa sömu skipun eða tvísmella á hana.

Þá kemur valmyndin *Task Details* þar sem notandi getur stillt verklýsingu frekar eða smellt á hnappinn *Do Task* til að opna síðuritilinn.




Í *Editor* er því breytt sem var rótin að *Task* úthlutuninni.

Þegar síðan er að því loknu vistuð með *File - Save* kemur valmynd sem leyfir að merkja *Task* verkið sem fullunnið (*Yes*) eða ekki (*No*).

Sé valið *Yes* kemur lýsingin *Completed* fremst í línunni fyrir verklýsingu, ef valið er *No* kemur lýsingin *In progress* fremst í sömu línu.

Hvenær sem er má smella á verk sem er orðið úrelt og velja *Delete*. Þá er spurt hvort óhætt sé að eyða verk-efnalýsingunni úr listanum.

Stundum er gott að gefa skipunina *View - Refresh* til að uppfæra listann, falla þá úr listanum öll verkefni sem lokið er við. Á það reyndar við vinnu í öllum viðmótum *FrontPage Explorer* að með *Refresh* skipun sést ástand vefsins á hverri stundu.



Breyting tilvísana

Einn kostur er við *FrontPage Explorer* sem fyrir margan vefarann getur verið ómetanlegt; sjálfkrafa breyting tilvísana í tenglum. Eðli tengla er að þeir eru settir inn á síður til að smellt sé á þá og þá komi ný síða á skjáinn hjá lesendum vefsins. Það sama á við þegar mynd á að birtast á síðu. Aðeins er settur inn tengill sem vísar í myndina. Myndaskjalið þarf að vera tilbúið inni á vefsvæðinu.



Ef myndin eða síðan sem vísað er til færast úr stað, þá mun tengillinn ekki lengur vísa á réttan stað þegar smellt er á hann á vefnum. Lesandinn fær þá aðeins tilkynningu um að síðan finnst ekki. Ef um mynd á síðu er að ræða birtist rauður kross þar sem myndin á að vera.

Það sama á við um tengla sem fara út fyrir vefsvæðið (*Hyperlink status* hér framar).

Áður fyrr ef skipt var um nafn á skjali (eða mynd) sem tengill vísaði á eða það fært til inn í aðra möppu. Þurfti að opna hvert skjal sem vísaði á viðkomandi skrá og breyta tenglinum handvirkt. Oft þarf að endurskipuleggja vefsvæði og ef um mörg skjöl og tengla er að ræða getur þetta verið mjög tímafrek vinna.

Þegar skrá er breytt að þessu leyti kemur í *FrontPage* viðvörðunarmynd eins og sýnd er hér fyrir ofan. Þar býðst notanda að velja hvort öllum tenglum sem vísa á viðkomandi skrá sé breytt sjálfkrafa (*Yes*) eða hvort notandi geri það sjálfur síðar (*No*). Einnig má velja *Cancel* til að hætta við allar breytingar skjals.

Ef valið er *Yes* þá kemur gluggi eins og sést hér fyrir neðan með tilkynningu um að breytingar standi yfir. Mörgum byrjendum finnst þetta sjálfsagt ekki stórmál en þeir sem unnið hafa við slíkt áður fagna sjálfsagt þessari virkni.





Tilbúnar síður sóttar

Oft er nauðsynlegt að sækja skrár sem unnar hafa verið í öðrum forritum. Það gætu verið myndir, gögn úr *Word*, *Excel* eða HTML-skjöl af öðrum vefjum bæði á eigin tölvu og eins beint af Netinu.

Til þess má velja skipunina *File - Import*. Kemur þá upp valmynd þar sem velja má um þrjár skipanir:

- Add file* (staka skrá),
- Add Folder* (innihald möppu),
- From Web* (sækja á vefinn).



Hér fyrir ofan er valmyndin *Browse for Folder* og er búið að velja möppuna *My Documents* til að færa inn allt innihald hennar.

Neðsta myndin (*Import Web Wizard*) kemur þegar smellt er á *From Web*. Þar er hægt að slá inn slóð fyrir það efni á vefnum sem notandi vill sækja líkt og ef um vefskoðara væri að ræða.

Má hér hvort sem er sækja heilu vefina eða stakar síður og þarf aðeins að skrifa inn slóð í það sem sækja þarf.



Einnig má velja skipunina *From a source directory of files on a local computer or a network*. Þá birtist hnappurinn *Browse* sem nota má til að sækja skrár á harða disk tölvunnar.


Á efstu myndinni er búið að velja skipunina *Add file*.

Á valmyndinni *Add file to Import List* er búið að velja á harða disk tölvunnar tvær skrár (velja má fleiri en eina með því að halda niðri *Ctrl* lykli á lyklaborði).

Þegar smellt hefur verið á *Open* koma skrárnar inn á aðalvalmyndina eins og sést hér fyrir neðan.

Síðan má smella á *OK* til að setja skrárnar inn á vefsvæðið.





Ýmsar stillingar

Með því að gefa skipunina *Tools - Options* má fá stilliglugga á þremur síðum (flípum) eins og sést á myndunum hér til hliðar.

General flípinn

Hér má virkja stillingar eins og að valmynd til að opna nýja vefi (*Getting started*) opnast sjálfkrafa með *FrontPage*, tækjastika (*Toolbar*) sé sýnileg, upplýsingalína (*Status bar*) sé sýnileg neðst á skjá, viðvaranir birtist þegar ýmsir hlutar á vefnum verða úreltir og viðvörðun þegar þemu (*Themes*) eru gerð virk fyrir vefi.

Proxies flípinn

Proxy er hluti af netþjóni þess aðila sem veitir aðgang að Netinu. Þegar notandi skoðar síður á vefnum eða sækir gögn fer *proxy* á milli notandans og netþjónsins sem gögnin eru sótt til og sækir þau líka. Ef tenging rofnar klárar *proxy* að sækja gögnin til sín. Þegar notandi tengist aftur á að ganga betur að sækja þau. Sama gegnir um þegar sömu hlutirnir eru sóttir aftur og aftur. *Proxy* fylgist með því hvort megi senda frá sínum eigin netþjón eða þurfi að sækja lengra á Netið.

Ef notandi vill nota *proxy* þarf hann að fá upplýsingar frá netþjónustu sinni um hvernig eigi að stilla þessa línu.

Configure Editors flípinn

Þarna má velja um hvaða forrit er notað til að opna skráagerðir. Með því að smella á *Add* hnappinn kemur gluggi þar sem spurt er um:

- *File Type* (skráa ending t.d. .doc ef Wordskjal).

- *Editor Name* (tegund ritils t.d. *Microsoft Word*)

- *Command / Browse*

sem leyfir notanda að finna á harða diskum sínum hvar viðkomandi forrit er geymt

(t.d.: *C:\Program Files\Microsoft Office\Microsoft Word*).

Þannig mætti halda áfram og velja myndvinnsluforrit fyrir t.d. *.gif* og *.jpg* myndir eða hvaða aðra skráategund sem verða vill.

Active Channel möguleikinn

Ef lesendur eru með *Internet Explorer 4.0* eða nýrri eða *Windows 98* á tölvum sínum geta þeir virkjað möguleika sem heitir *Active Desktop*. Þá geta þeir gerst áskrifendur að vefsvæðum gegnum svokallað *Active Channel*. Verður þá vefsvæði þeirra aðgengilegt án þess að þeir tengist vefnum beint heldur er það uppfært á tölvur þeirra reglulega. Hægt er að gera vefi aðgengilega á þennan hátt með aðgerðinni *Tools - Define Channel* í *FrontPage Explorer*.


Welcome - Nýtt eða breytt

Með valmyndinni er ákveðið hvort búin sé til ný skilgreining á rás fyrir áskrifendur eða gömul stilling uppfærð.

Skilgreiningin velur hvaða efni af vefsvæðinu áskrifendur geta fengið inn á tölvu sína og hvað ekki.

Þegar áskrifendur nýta sér rásir (*Active Channel*) er vefurinn færður yfir á tölvur þeirra og uppfærður reglulega í samræmi við þetta stilliskjal.

Browse hnappurinn leyfir að finna eldra skjal sé það fyrir hendi.




Step 1 of 7 - Grunnlýsing

Hér getur notandi búið til titil (*Title*) fyrir rásina og gefið grunnlýsingu (*Abstract*) á henni.

Ákveða má hver sé fyrsta síða vefsins og skilgreina myndir fyrir bæði táknmyndir og vörumerki ef þess er óskað.


Táknmyndirnar þurfa þá að vera til staðar á tölvunni en með *Browse* hnappi má finna þessar myndir og flytja inn í skilgreininguna.



Step 2 of 7 - Vefmappan

Hér er valið hvort grunnmappa vefsvæðisins innihaldi þær síður sem lesendur gerast áskrifendur að. Með *Browse* hnappi má finna aðra möppu ef hún er önnur en sú sjálfgefna.


Einnig má merkja við hvort undirmöppur vefsins megi fylgja með (*Include Subfolders.*)



Step 3 of 7 - Hvaða skrár

Hér kemur listi yfir þær skrár vefsins sem til staðar eru. Má velja skrá og smella á *Exclude* ef óæskilegt er að lesendur fái tiltekið skjal í áskrift.

Hafi einhverjar síður verið teknar af listanum má smella á *Restore* hnappinn til að fá þær aftur á listann.




Step 4 of 7 - Skrár skilgreindar

Hér má velja hverja síðu fyrir sig og gefa á henni lýsingu (*Abstract*).

Ákveða má hvort síðan komi sjálfkrafa inn á tölvu notanda (*Page Cache*), komi ekki eða í samræmi við stillingar lesandans.

Í *Usage* má stilla hvernig áskrifendur fái upplýsingar um breytingar á vefsvæðinu, hvort það birtist hjá þeim á skjáborðinu, hvort síðan geti verið hluti af skjáhvílu (*Screensaver*) notandans og hvort hún geti verið falin í rásinni




Step 5 of 7 - Tíðni uppfærslna

Hér má stilla hvenær uppfærslutímabil vefsvæðisins hefst og er sjálfgefið frá Núna (*now*) til eilífðar (*forever*).

Einnig má velja tíðni allt frá visst margra mínútna fresti og upp í nokkurra daga millibil (*Check every ... Days/Hours/Minutes*)

Hér er verið að stilla hversu reglulega áskrifandinn fái uppfærslu vefsins, byggt á því hversu íðinn vefarinn ætlar sér að vera við breytingar.




Step 6 of 7 - Atburðaskrá

Í *Log Target URL* má vísa í textaskrá í vefsvæðinu sem skráir hverjir hafi gerst áskrifendur, hvenær þeir skoði síður á vefnum og þá hvaða síður.

Skjal sem getur skráð slíkar uppsetningar er búið til sérstaklega í síðuritlinum (*FrontPage Editor*).

Með *Browse* hnappinum má finna þessa skrá sé hún þegar til staðar.




Step 7 of 7 - Tenging

Síðasta stillivalmyndin biður um nafn á skjalið sem skilgreinir rásina.

Eins má velja að tengill fyrir skjalið sé sjálfkrafa settur inn á aðal heimasíðuna *index.htm* og einnig að skilgreiningin sé sett beint á Netið.


Til að fá sjálfvirkan tengil inn á vefsvæðið þarf *Shared Borders* að vera virkt á vefsvæðinu og vilji vefarinn það síður má alltaf gera tengil handvirkt í heimasíðuna. Þá þarf ekki *Shared Borders*.



Skráin

Hér til hliðar sést að skjalið *channel.cdf* er komið á sinn stað í möppunni með vefsvæðinu.


Þegar lesendur vefsins gerast áskrifendur að vefsvæðinu smella þeir á tengil á viðkomandi heimasíðu og þetta skjal er sent til þeirra.



Innskot

Á valmyndinni hér fyrir ofan hefur verið smelt á miðjuhnappinn af hnöppunum þremur efst í hægra horni gluggans. Þá hefur glugginn verið minnkaður mikið með því að draga horn hans, neðst til hægri, til. Síðan hefur verið hægrismellt á listann vinstramegin og verið valin skipunin *Small icons* til að fá litlar tákmyndir.

3. FrontPage Editor



FrontPage Editor er vefsíðu ritillinn. Í honum þarf enga HTML-kóðun heldur leyfir hann notanda að vinna beint í útliti síðunnar svipað og gert er í hefðbundnum ritvinnsluforritum.

Neðst til vinstri á skjánum sjást þrjár flipar; *Normal*, *HTML* og *Preview*. Með því að smella á þá er skipt milli þriggja mismunandi sjónarhorna á sömu síðunni.

Normal flipinn leyfir „hefðbundna ritvinnsluvinnu“ á síðunni, setja inn texta, myndir, töflur eða hvað annað sem er. Efnið á að birtast nákvæmlega eins og það mun gera síðar á netinu sjálfu.

Með *HTML* flípanum er hægt að vinna beint við kóðun síðunnar. Fyrir byrjendur er þessi flípa gagnlegur til að geta skoðað hvernig kóðun HTML-síðu er samansett og læra eðli hennar.

Með *Preview* flípanum sér notandi yfirleitt nákvæmlega síðuna eins og hún kemur til með að sjást á Netinu. Að vísu getur stundum brugðið út af þessu, t.d. er ekki alltaf sem myndir síðunnar sjáist á þessum flípa en í staðinn komi kassalaga rammi með rauðu X merki. Með flípanum má einnig flakka um netið og þannig prófa sig þannig áfram gegnum alla tengla sem settir voru inn í skjalið. Þó þarf að tengjast Netinu til þess.

Hér á opnunni sést sama síðan á öllum flípanum.


Neðst á skjánum í öllum þessum gluggum eru lítil skilaboð, t.d. *2 seconds* sem gefa til kynna hversu hratt þessi síða muni berast lesendum frá netinu yfir á heimatölvu.

Meðan hönnuðir vinna í síðum sínum geta þeir þarna fylgst með hversu þungar þær eru. Talan miðast við að lesendur hafi mótað með 28.8 Kb flutningsgetu.

```

FrontPage Editor - [Dæmasíða]
File Edit View Go Insert Format Tools Table Frame Window Help
Normal (default font) A A B I U
<html>
<head>
<title>Dæmasíða</title>
</head>
<body>
<h1>Hér kemur heimasíða</h1>
<p align="center">Hér er verið að vinna við grafalvarlega heimasíðu-kóðun í Notepad forritinu sem fylgir Windows stýrikerfinu. </p>
<p>Þegar síða af þessu tagi er smíðuð, skal gæta ýtrustu nákvæmni við kóðun, bara það að vanti eina gæsalöpp á einum stað getur valdið því að vefarinn missi stjórn á útliti síðunnar. Þess vegna má aldrei gefast upp heldur verður að skoða kóðunina vel og vera duglegur að skoða í vefskoðaranum.<br>
Ekki er útséð um það hvar kóðunin endar alla jafna. Sumir smitast og gera ekkert annað eftir það. Aðrir fá leið strax og snerta ekki meir við lyklaborði tölvunnar.<br>
Sumir setjast eitt föstudagskvöld fullan kaffibrúsa, fara á Internetið og skoða kóðun á skemmtilegum síðum, stæla hluta hennar og gleyma sér framm eftir helgi við tilraunir. </p>
<p>Sumir læra á einni nóttu, aðrir eru aldrei fulllærðir.<br>
 </p>
<hr>
<p>Heimasíðugerð er kennd í <a href="http://www.tolvuskoli.is/">Tolvuskóla Reykjavíkur.</a> </p>
<address>
  Smelltu <a href="mailto:tolvuskoli@tolvuskoli.is#">hér</a> til að senda okkur tölvupóst
</address>
</body>
</html>
Normal HTML Preview
2 seconds NUM


```



Tækjastikur

Hnappar á tækjastikum eru mikið notaðir í *Windows* forritum og er *FrontPage* þar engin undantekning.

Tilgangslaust er að læra hlutverk hnappanna utanað því þeir lærast yfirleitt við notkun forritsins. Gott er að muna að allir hnappar á tækjastikum eru tilvísanir í skipanir sem leynast í valmyndum forritanna.




Tækjastikur eru til þess að stytta notandanum leið og gera ýmsa hluti fljótlegri í notkun. Sú regla gildir um tækjastikur í *Windows* forritum að þær eru látnar birtast með *View* valmyndinni.

View valmyndin er opnuð eins og sést á myndinni hér fyrir ofan og smellt á nafn þeirrar stiku sem óskað er eftir, að því tilskildu að ekki sé merkt við hana fyrir. Merkin sem sjást hér framan við allar línurnar tákna að þær séu allar virkar. Neðstu tvær línurnar eru þó ekki tækjastikur.

Format Marks þýðir að merki, sem venjulega eru falin, birtast. Sem dæmi má nefna tákn um línuskiptingar og orðabil. *Refresh* er skipun sem endurhleður síðunni eins og hún var síðast þegar hún var vistuð. Sé stutt á þennan hnapp kemur spurning um hvort vista megi síðuna, að því loknu er hún opnuð að nýju.

Myndin efst á næstu síðu sýnir þann eiginleika tækjastika að mega fljóta hvar sem er á skjánum. Músinni er smellt á stikuna utan við einhvern hnappanna og hún síðan dregin til á skjánum. Ef stiku er sleppt á miðjum skjánum birtist jafnframt nafn hennar.

Þannig má einnig draga stikur út að brún glugga í hvaða átt sem er og aðlagast hún þá aftur skjábrúninni eins og áður, hvort heldur að ofan eða neðan, hægra eða vinstra megin.




Grunnstillingar síðu


Ein af mikilvægari valmyndum í *FrontPage Editor* er *File - Page Properties*. Þessi valmynd er í fimm flípum.

Fyrsti flippinn *General* sýnir notanda nafn skjalsins og leyfir að setja inn titil síðunnar (*Title*).

Titillinn er það nafn síðu sem birtist í titillínu vefskoðarans og er notað ef lesandi setur síðuna í *Favorites* lista hans. Hér er því mikilvægt að vanda valið, því titillinn þarf helst að vera lýsandi fyrir síðuna.

Hér má einnig með *Background Sound* setja inn laglínur og hljóð sem spilast þegar síðan er skoðuð.





Bakgrunnur

Á *Background* flípanum eru fimm litastillingar sem hafa afgerandi áhrif á útlit síðunnar. *Background* fyrir bakgrunnslit síðunnar sjálfar. *Text* fyrir litastillingar á öllum texta. *Hyperlink* fyrir lit á öllum tenglum, *Visited Hyperlink* fyrir tengla sem gestir heimasvæðisins hafa prófað og *Active Hyperlink* fyrir þá sem verið er að skoða á þeirri stundu.

Default er fyrir staðlaðar stillingar sem allir vefskoðarar gera ráð fyrir þegar síður eru skoðaðar; grár fyrir bakgrunn, svartur texti, bláir tenglar, fjólublá fyrir skoðaða tengla og rauður fyrir virka tengla. Breyta má öllum þessum litum og verða þeir þá ráðandi frekar en þeir sjálfgefnu.



Þessi valmynd er sú eina sem leyfir breytingar á bakgrunni og því þykir þægilegt að stilla hér liti texta og tengla til samræmis við bakgrunninn. Eftir að hann hefur verið stilltur þarf ekki að velja sérstaklega textann á síðunni og breyta lit hans heldur má hvenær sem er fara á þessa valmynd og breyta gildum fyrir allan texta á síðunni.


Ef vefsvæðið á að hafa samræmt útlit á öllum síðum getur verið gott að velja hér *Get background and colors from page* og síðan með *Browse* hnappinum velja aðra síðu sem er í „réttum“ litum. Munu þá stillingar þeirrar síðu stilla af þá sem verið er að vinna í.

Á listum fyrir litina má smella á *Custom* neðst til að blanda sinn eigin lit.

Velja má úr fleiri litaafbrigðum vinstra megin á valmyndinni eða handfrjálst í þeim hægri velja lit og á stíkunni þar við hliðina stilla styrkleika þess litar.

Þegar réttur litur er fenginn má smella á hnappinn *Add to Custom Colors* og *OK*. Á nýi liturinn nú að vera aðgengilegur í *Custom colors* eftir það.







Sækja á vefinn,
Sækja á harða diskinn

Bakgrunnsmynd

Ef notandi vill getur hann á *Background* flipanum sótt bakgrunnsmynd í staðinn fyrir lit. Smellir er á skipunina *Background Image* og valinn *Browse* hnappurinn. Þá kemur gluggi eins og hér fyrir ofan sem leyfir að sótt sé mynd á þann vef sem verið er að hanna. Ef mynd vantar má smella á hnappinn *Clip Art* og sækja hana í myndasafn frá *Microsoft*. Einnig má smella á tákmynd fyrir vefinn eða fyrir harða diskinn og leita að mynd.

Með *Margins* má stilla punktastærð á haus og vinstri spássíu síðunnar, þ.e. hve langt inni á síðunni frá glugga vefskoðarans innihald hennar byrjar.



Á *Custom* má setja inn svokallaðan „Meta kóða“. Þetta eru stillingar sem sjást ekki í vefskoðaranum en eru notaðar af leitarvélum til að flokka vefsíður í gagnagrunni sínum. Einnig er hann notaður til að gefa til kynna upplýsingar eins og um höfund síðunnar og fleira í þeim dúr.



Á *Language* flipanum þarf sjaldnast að breyta uppsetningu en þar má velja á hvaða tungumáli síðan skuli kóðast. Hjá Windows 95/98 notendum þarf ekki að breyta þessu ef búast má við að lesendur vefsvæðisins séu í Vestur Evrópu eða Bandaríkjunum. Þessi lönd nota allflest stafatöfluna *Code Page 850* sem er sú sama og notuð er hér á landi.

Myndir settar á heimasíðuna

Ýmsir möguleikar eru við að setja inn myndir á heimasíður. Með skipuninni *Insert - Clip Art* má fá myndir beint úr myndasafninu *Clip Gallery* sem fylgir með *FrontPage*. Valin er sú mynd sem notanda finnst passa inn og smelt á hnappinn *Insert*. Í *Clip Gallery* safninu má einnig sjá yfirlit yfir ljósmyndir, hljóðskrár og myndskleið.




Einnig má velja skipunina *Insert - Image* og sækja mynd sem þegar er komin inn á vefsvæðið. Á þeirri valmynd má einnig með hnöppum fara beint á vefinn eða á harðdiskinn í leit að mynd sem síðan yrði flutt inn á vefinn.


Sækja á vefinn,
Sækja á harða diskinn

Clip Gallery forritið er ætlað til að geyma útlit mynda sem notandi hefur safnað að sér. Með því að smella á hnappinn *Import Clips* neðarlega til hægri má fá valmyndina *Add clip art to Clip Gallery*.

Valmyndin virkar svipað og *File - Open* valmynd, en með henni má finna möppu með myndum. Velja á þá mynd sem notandi æskir að fá inn í safnið og smella á *Open*.




Þegar myndin er sótt inn kemur valmyndin *Clip Properties* (sjá mynd) sem býður notanda að flokka myndina. Eftir það er myndin ætíð sýnileg á *Pictures* flípanum undir þeim málaflokk sem valinn var í þessum glugga.



Myndir settar á vefinn


Þó búið sé að ákveða að mynd birtist á vefsíðunni er björninn ekki unninn. Myndina verður að vistast inn á vefsvæðið. Þar sem HTML síður sækja myndir sérstaklega þegar þær eru skoðaðar verður að tryggja að þær séu á réttum stað.

Eins þarf að gæta þess að myndir séu í réttum staðli, annaðhvort *.gif* eða *.jpg*.



Þegar síðan er vistuð kemur gluggi eins og hér fyrir neðan sem staðfesting á því að *FrontPage* sækir myndaskjalið og visti inn á vefsvæðið, má einnig velja að setja myndina inn í sérstaka möppu t.d. *Images* möppuna innan vefsvæðisins.

Þegar þetta er gert gætir forritið þess einnig að sé myndin af röngum staðli t.d. *.bmp* þá er henni sjálfvirkt breytt í viðeigandi staðal.




Myndir í tölvunni

Windows býr yfir öflugu forriti til þess að finna ýmsa hluti sem leynast í tölvunni. Forritið er ræst með *Start - Find - Files or Folders*.

Hér fyrir neðan sést að búið er að slá inn leitarskilgreininguna ***.gif, *.jpg** í *My Computer* sem þýðir að leita eigi að öllum skráum sem hafa þessar endingar.

Tölva höfundar skilaði þeim niðurstöðum að hún hefði 9.736 myndir með þessum endingum!

Hafa verður í huga að vefforritin *Internet Explorer* og *Netscape* geyma myndir og vefsíður sem hafa verið skoðaðar á netinu inni á tölvunni og má með þessari aðferð finna hvar þær eru.



Auðvelt er eftir það að búa til möppu á harða disknum, t.d. **C:\Myndir** og afrita þangað myndir sem áhugi er á að eiga og nota.

Með *Find - Files or Folders* má velja þær skrár sem notandi vill eiga. Fyrst er gefin skipunin *Edit - Copy* og svo í möppunni **C:\Myndir** er gefin skipunin *Edit - Paste* og afritast þá myndirnar þangað inn. Er þá kominn efnilegur vísir að eigin myndasafni og auðvelt að fá þessar myndir inn í *Clip Gallery* forritið.

Stillingar fyrir myndir

Þó svo að mynd sé komin inn á vefsíðuna er ekki þar með sagt að hún sjáist eins og ætlast er til. Þá má smella með hægri músarhnapp á myndina og velja *Image Properties* til að fá glugga eins og hér sést.

General flipinn

Í *Image Source* sést slóð og nafn myndarinnar og með *Browse* hnappi má velja nýja mynd. Svæðið beint þar fyrir neðan lýsir eðli myndarinnar.

Í *Alternative Representations* má setja aukamynd (*Low-Res*) sem kæmi fyrst fram meðan aðalmyndin hlæðist inn (ef sú mynd væri mjög þung og hægfara). Í *Text* línuna er gjarnan sett stutt lýsing á myndinni sem birtist á undan henni sjálfri á vefnum og eins þegar músin er stöðvuð yfir myndinni.

Í *Default Hyperlink* mætti síðan skrifa slóð fyrir myndina og gera hana þannig að tengli.

Appearance flipinn

Hér er hægt að ákvarða hvort myndin eigi að vera hæggra eða vinstra megin, efst í línu eða neðst með *Layout - Alignment*. Einnig má tilgreina staðsetningu með *Horizontal/Vertical Spacing*.

Ef myndin er tengill má stilla *Border Thickness* en þá er sjálfkrafa settur blár rammi umhverfis hana. Hér má stilla hann á 0 til að gera hann ósýnilegan.

Með *Specify Size* er hægt að stilla breidd og hæð myndar í punktum.




Mörgum gæti fundist það óþarfi að á þessa valmynd því allar myndir má teygja á mismunandi vegu með músinni. Ef fleiri myndir væru í síðunni og allar þyrftu að vera t.d. 160 punktar á breidd mætti aftur á móti stilla það mjög nákvæmlega hér.

Video flipinn

Þessi flipi er aðeins notaður þegar búið er að setja hreyfimyndir (hafa endinguna *.avi*) inn á síðuna.

Þessar myndir eru oft þungar í flutningi en hér má stilla hvort þær renni endalaust eða ákveðið oft með *Repeat - Loop*, og þá hve langt líður á milli endurtekninga.

Einnig má velja hvort myndskaið keyri um leið og skráin sé komin til lesandans með *On File Open* eða um leið og músin er yfir myndinni með *On Mouse Over*.





Ýmsar stillingar

Með skipuninni *Tools - Options* fæst valmynd með tveimur flipum.

Auto Thumbnail flipinn er fyrir grunnstillingar á skipuninni *Tools - Auto Thumbnail*. Sú skipun tekur lítið afrit af stórrri og þungri mynd á síðunni. Afritið er sett inn á síðuna í stað hennar og gerir tengil úr afritinu í þá stærri. Mun þá stóra myndin ekki birtast lesanda nema sérstaklega sé smellt á þá minni.

Hér má stilla hversu lítið afritið eigi að vera, hversu þykkur rammi (*Border Thickness*) má vera utan um það og hvort brúnir þess skuli vera upphleyptar (*Beveled edge*).

Síðari flipinn er til að skilgreina hverjar skuli vera grunn leturgerðir síðunnar og á hvaða tungumálasvæði búist er við að síðan muni sjást.




Afrit með Auto Thumbnail


Hér er búið að setja inn frekar stóra mynd.

Hún er valin hér fyrir ofan og gefin skipunin *Tools - Auto Thumbnail*.

Á myndinni til hliðar er sama síða komin með smáa eftirmynd af þeirri stærri og er tengt henni. Sé smellt á tengilinn kemur sú stærri á skjáinn.

Þegar síðan er vistuð kemur valmynd eins og hér til hliðar til að staðfesta að tvær myndir eru nú vistaðar inn á vefsvæðið í stað einnar áður.





Leturgerðir

Með því að velja texta og gefa skipunina *Format - Font* má velja nýja leturgerð fyrir einhvern texta.

Velja má útlit leturgerðarinnar með *Font Style*:

Regular = Venjulegt, *Bold* = feitlettrað, *Italic* = skáletrað, eða bæði feit- og skáletrað.

Size = Stærð, *Underline* = undirstrikun og *Strikethrough* = gegnumstrikun.

Liti má velja með *Color* og með *Color - Custom* má blanda sinn eigin lit.


Í *FrontPage* er hægt að stilla á hvaða leturgerð sem uppsett er í tölvu notandans en ekki er víst að sú sem hann notar í tölvunni sinni sé til staðar í tölvum þeirra sem lesa síðurnar og myndu þeir þá ekki sjá þær í sömu uppsetningu.

Ef heimasíða er stillt á ákveðna leturgerð leitar síðan að henni í tölvu lesandans. Finnist hún ekki er notuð hin staðlaða *Times New Roman* eða einhver önnur sem líkist þeirri sem valin var.

Ekki er nauðsynlegt að nota *Format - Font* til að breyta leturgerðum. Hér fyrir neðan er sýnt hvar eitt orð er valið og með felliglugga valin leturgerðin *Comic Sans MS*.

Einnig eru til tveir hnappar með mynd af A og A sem stækka og minnka valið letur um eina stillingu við hvern smell.

Þá er til hnappur með mynd af litaspjaldi sérstaklega fyrir litastillingar.



Í tölvum með *Microsoft Windows 95* eða *Windows 3.1x* eru þessar leturgerðir uppsettar:

Arial, Arial Bold, Courier, Courier New, Times New Roman, Wingdings, Symbol, Marlett,

Í tölvum með *Microsoft Office 95* bætast þessar leturgerðir við listann:

Algerian, Book Antiqua, Arial Narrow, Arial Black, Arial Rounded, Bookman Old Style, Braggadocio, Britannic Bold, Brush Script MT, Colonna MT, Desdemona, Footlight MT, Garamond, Century Gothic, Haettenschweiler, Impact, Kino MT, Wide Latin, MS Line Draw, Matura MT Script Capital, Playbill, Century Schoolbook.

Stílar


Stílar eru notaðir til að setja upp textastillingar svo sem fyrirsagnir, númeraða lista eða kúlumerkingar á málsgreinum.

Einnig til að skilgreina útlit á póttenglum og fleiri stílbrigði sem henta á heimasíðunni.

Eftir að stílar hafa verið settir inn má eftir sem áður breyta stærð og letri þeirra.

Ekki er hægt að búa til nýja stíla heldur eru þeir innbyggðir í *FrontPage* og miðast við innbyggða stíla HTML málsins.

Einfalt er að nota stíla. Smellt er með músarbendli á textann eða valdar saman fleiri málsgreinar. Síðan er felligluggi opnaður og valinn sá stíll sem við á. Helst eru stílar notaðir þegar þarf að setja inn fyrirsagnir án þess að eyða tíma í leturbreytingar. Á myndinni hér fyrir ofan gefur að líta felligluggann sem helst er notaður til að velja stíla. Í töflu til hliðar við felligluggann er tafla með útliti stíllanna og nöfnum.



Hægri músarhnappur



Hægri músarhnappur er mikið notaður. Smellt er á þann hlut sem notandi æskir að meðhöndla. Þá birtist spjald og eiginleikar þess fara eftir því hvað smellt er á.


Hægt er að komast í að stilla eigindir fyrir:

- síður (*Page Properties*),
- töflur (*Table Properties*),
- töflureiti (*Cell Properties*),
- myndir (*Image Properties*),
- málsgreinar (*Paragraph Properties*),
- letur (*Font Properties*),
- tengla (*Hyperlink Properties*).

Ef síðan er uppsett sem rammasíða er einnig hægt að fá rammastillingar (*Frame Properties*).

Mjög þægilegt er að smella á hluti, velja eigindaglugga og stilla það sem við á og eru allar helstu stíllingar við hendina hverju sinni.





Málgreinar

Öll forrit sem vinna með texta virka fyrst á bókstöfum. Þegar bókstafir safnast saman án bils á milli myndast orð. Orðin safnast saman í málgreinar (*Paragraph*), einnig kallað efnisgreinar.

Efnisgrein (eða málgrein) getur verið eins löng og verða vill og takmarkast af *Enter* innslætti á lyklaborði. Þannig nær ein málgrein frá því fyrst var stutt á *Enter* og þar til næst er stutt á hann, hvort heldur margar línur eru þar á milli eða engin.

Þegar mikið magn texta er slegið inn kemur til sjálfvirk línuskipting innan málgreinar og skiptir þá engu hversu löng málgrein verður. Yfirleitt er ný málgrein gerð þegar áhersla breytist í máli en ekki er alltaf hentugt við slík tækifæri að gera nýja málgrein þó kannski henti að skipta í nýja línu.


Þá má halda hástafalyklinum (*Shift*) niðri og styðja á *Enter*. Myndast þá línuskipting þar án þess að ný málgrein myndist.

Þegar unnið er í ritvinnsluforriti skiptir þetta ekki ýkja miklu máli og er lítið notað. Öðru máli gegnir um heimasíður. Þar er efnisframsetning oft samþjappaðri og línuskipting skiptir oft meira máli fyrir framsetningu. Ástæðan er sú að við málgreinaskiptingu (*Enter*) myndast aukið línubil milli málgreina. Við mjúka skiptingu (hástafalykill + *Enter*, kallað *soft enter*) myndast ekkert slíkt línubil.

Hafa ber í huga að þegar textabendill er innan efnisgreinar og nýr stíll er valinn úr vallista mun stíllinn ráða útliti allrar efnisgreinarinnar.

Mjög oft þarf þessi skipting að sjást. Myndin hér fyrir ofan sýnir hvernig búið er að smella á hnapp með sýnilegum táknum fyrir málgreinaskiptingu og mjúka skiptingu. Þá sjást málgreinatákn (¶) aftan við allar málgreinar og mjúka skiptingarákn (↵) aftan við hástafalykils skiptingu.

Með því að smella aftur á hnappinn (¶) má fela þessi tákn á ný. Þau prentast ekki út ef síðan er prentuð heldur stjórna aðeins línu- og málgreinaskiptingum innan hennar.



Bókamerki

Bókamerki er stilling sem er sett inn á vefsíðuna á ákveðnum stað, sérstaklega þegar síðan er orðin svo löng að hún tekur meira en tvær skjáfyllir (sjá orðaskýringar) til að skruna gegnum hana.


Oftast nær er valið eitthvert orð í textanum t.d. fyrirsögn og framkvæmd skipunin *Edit - Bookmark*.

Þá kemur gluggi með lista yfir þau bókamerki sem þegar eru fyrir hendi á síðunni og lína til að gefa bókamerkinu nafn. Oftast er sjálfkrafa stungið uppá því orði sem valið var sem nafn fyrir bókamerkið.

Bókamerkið nýtist þannig að tengill er tengdur í það, annað hvort innan síðunnar eða frá annarri síðu á vefsvæðinu. Þá er valinn sá texti eða mynd sem á að virka sem tengill og gefin skipunin *Insert - Hyperlink*. Á valmyndinni fyrir tengla er valinn felliglugginn *Bookmark* og má þá velja hvert það bókamerki sem á síðunni felst.

Tengillinn mun þá virka þannig að þegar smelt er á hann kemur það svæði upp á skjáinn sem hefur bókamerki.

Bókamerki hafa frá upphafi verið hugsuð á þann veg að á einhverjum stað vefsíðunnar sé efnisyfirlit fyrir kaflaskiptingu síðunnar og kaflarnir bókamerktir. Síðan séu tenglar settir inn í efnisyfirlitið til að hægt sé að fá viðkomandi kafla beint á skjáinn án fyrirhafnar með því einu að smella á viðeigandi kaflaheiti.



Skjöl opnuð


Þegar skjal er opnað úr *Editor* með skipuninni *File - Open* kemur gluggi eins og hér fyrir neðan.

Öfugt við hefðbundin *Windows* forrit sem leyfa notendum að fara beint í skráasafn harða disksins þegar skrá er opnuð. Opnast glugginn beint inn á vefsvæðið og gerir ráð fyrir því að skráin sé geymd þar, nafn vefsvæðisins sést þá í *Look in* línunni ofarlega í glugganum.

Sé skráin á vefsvæðinu er smellt á hana og síðan á hnappinn *OK*. Opnast þá síðan og má vinna í henni.


Sama á við ef heimasíða í smíðum á að innihalda texta eða upplýsingar úr öðru skjali. Þá er síðan höfð opin og valin skipunin *Insert - File*. Opnast þá samskonar gluggi og hér á síðunni nema með öðru nafni. Sé skjalið sem sækja skal sýnilegt er smellt á það og er þá efni þess lesið inni á opnu síðuna.

Séu möppur með fleiri skjöl fyrir hendi í vefsvæðinu má tvísmella á þær og skoða innihaldið. Sé ekkert í þeim má fara aftur til baka á vefsvæðið með hnapp *Up One Level* aftan við *Look in* línuna. Einnig má búa til nýjar möppur með hnappinum *New Folder* sem er aftan við fyrrnefnda hnappinn.



Ef skjalið sem þarf að opna finnst ekki innan vefsvæðisins má smella á viðeigandi hnappa aftan við *URL* línuna (sjá orðasýringar). Með þeim fyrri er farið á vefinn og leitað að viðkomandi síðu en með þeim síðari er skráin sótt á harða disk tölvunnar.

Þar er um að ræða frekar hefðbundna *Open* valmynd sem virkar beint innan úr *FrontPage*. Fyrirnefndi möguleikinn opnar hinsvegar vefsíðuskoðarann á venjulegan máta og þarf þá að tengjast Netinu. Á meðan flakkað er um vefinn fylgist *FrontPage Editor* grannt með hvaða síður eru skoðaðar. Þegar síðan finnst í vefskoðaranum er einfaldlega smellt á táknmynd *Editor* forritsins neðst á skjánum (sama lína og með *Start* hnappnum í *Windows*) og sést þá að vefslóð viðkomandi síðu er komin í *URL* línuna.




Tenglar settir inn

Tengill er texti eða mynd sem hægt er að smella á og sækir þá vefskoðarinn efnið á viðkomandi stað, hvort sem það er innan vefsvæðisins eða annarsstaðar. Hægt er að mynda tengil fyrir hvað sem er svo fremi að vefsíðu skoðarinn geti fundið það. Heimasvæði er lítils virði ef engir eru tenglarnir.

Til að búa til tengil er viðkomandi texti eða mynd valin og síðan gefin skipunin *Insert - Hyperlink*. Einnig má velja viðeigandi hnapp á tækjastiku.

Þá kemur gluggi ekki ósvipaður *Open* glugganum, sjá mynd hér fyrir neðan.



Í glugganum má smella á þær síður sem vefsvæðið inniheldur. Einnig má, svipað og í *Open* glugganum, velja síður á vefnum eða finna skrár á harða disknum. Við hliðina á þeim valmöguleikum er kominn nýr hnappur sérstaklega til að búa til pósttengil (sjá orðalista) og búa til nýja síðu innan vefsvæðisins og tengjast henni.

Tveir nýir valmöguleikar eru komnir í gluggann. *Bookmark* er valið ef síðan sem tengillinn vísar til inniheldur bókamerki (sjá kaflann um Bókamerki). Það má velja í felliglugga. Bókamerki eru mikið notuð þegar síður eru kaflaskiptar og gefa notendum nákvæmari stýringar yfir tengingum síðna sinna.

Target Frame hnappurinn leyfir að tengillinn opnast í nýjum vefskoðara eða innan ákveðins ramma á rammasíðum. Þessi möguleiki getur verið mjög notadrjúgur t.a.m. getur þótt æskilegt að tenglar á síður utan vefsvæðisins opnast í sérgluggum en vefsvæðið sjálft sé áfram til staðar í upphaflega glugganum.

Eftir að smellt hefur verið á *OK* hnappinn má hvenær sem er smella á tengilinn með músinni og velja *Edit - Hyperlink* til að breyta tenglinum. Einnig má velja *Edit - Unlink* til að taka hann úr sambandi.

Ef *Ctrl* lykli á lyklaborðinu er haldið niðri þegar smellt er á tengilinn er hægt að skoða virkni hans rétt eins og verið sé í vefskoðara. Eins má í sama tilgangi hægrismella á hann og velja *Follow Hyperlink*.

Töflur á heimasíðum

Nær ómögulegt er að forðast töflunotkun í heimasíðugerð. Staðallinn sem *HTML* kóðunin er byggð á er langt frá því að vera eins og í ritvinnsluforritum á borð við *Microsoft Word*.

Nánast öll uppsetning miðast við tölvuskjá. Þetta krefst þess að efnið sé framsett með einföldu sniði en þó auðveldlega kaflaskipt og helst þannig að ein skjáfylla gefi vel til kynna efnisval síðunnar þegar skrunað er niður skjáinn.

Þá þurfa atriði eins og tenglar, smágrafík, athugasemdir og fleira að vera strax sýnileg á síðunni. Hér koma töflur til sögunnar og eru notaðar út í ystu æsar.

Í *FrontPage* er auðvelt að setja inn töflur, stilla þær á að vera smáar sem stórar, allt frá því að vera einn reitur sem innihaldi alla síðuna til þess að vera töflur inni í töflum. Eru notaðar í þessu skyni, skipanirnar í *Table* valmyndinni.



Hér er búið að miðjujafna töflu sem er 640 punktar á breidd. Efsta línan hefur verið fest í einn reit fyrir miðjujafnaða fyrirsögn. Næsta lína hefur verið meðhöndluð á svipaðan hátt en þó aðeins sá hluti sem er hægra megin við miðju. Vinstri hlutinn inniheldur myndir en sá hægri eins konar millifyrirsögn.

Línan þar á eftir hefur verið teygð niður afganginn af síðunni. Neðst í hægri dálk hennar er búið að setja inn aðra töflu með tveimur línnum og tveimur dálkum og inniheldur hver reitur tengil. Ofan við þá töflu er mynd af heimsálfunum.

Búið er að stilla rammalínur töflunnar á að vera ósýnilegar í vefskoðaranum en *Editor* forritið sýnir þær þó áfram sem punktalínur svo höfundur síðunnar sé fullkomlega meðvitaður um hvað hann sé að gera.

Tafla sett inn

Tafla er sett inn með skipuninni *Table - Insert table*. Þá kemur upp gluggi eins og sést hér til hliðar.

Sjálfgefnar stillingar eru tvær raðir í tveimur dálkum (*Rows 2 og Columns 2*).

Sjálfgefið er að staðsetning sé hægra megin á síðu (*Alignment - Default*) á því svæði þar sem textabendill er staddur.



Rammalína (*Border Size*) sé 1 punktur á þykkt, rými milli rammalína (*Cell Padding*) sé 1 punktur og rými texta frá rammalínum (*Cell Spacing*) sé 1 punktur (2 punktar á myndinni hér til hliðar).

Þessum stillingum má t.d. breyta í núll reitir töflunnar eiga að vera ósýnilegir.

Breidd töflunnar er stillt með *Width - Specify Width*. Sjálfgefið er að breidd hennar sé 100% af breidd gluggans í vefskoðaranum og má að sjálfsögðu setja inn þá stillingu sem notandinn æskir.

Sérstaklega getur verið þægilegt að stilla í *Pixels* ákveðna breidd sem æskileg er en *Pixels* er sú viðmiðun sem skjástilling tölvunnar miðast við. Til dæmis er algengt að heimilistölvu með 15 tommu skjá sé með stillingunum 800 pixels á breidd og 600 á hæð en 17 tommu skjár sé í stillingunni 1024 á breidd og 768 á hæð.

Með þessari stillingu má ákvarða með töluverðri nákvæmni útlit töflunnar innan síðunnar og er þarna komin ein helsta ástæðan fyrir því hve töflur eru mikið notaðar í vefsíðugerð.



Tafla gerð með mús

Á myndinni hér fyrir ofan sést hvar stutt er með músinni á töflugerðarhnapp á einni tækjastikunni, henni haldið niðri og hún dregin út. Kemur þá gluggi eins og hér á myndinni sem sýnir mynd af því hvernig töflu er verið að búa til, þ.e. fjöldi dálka og raða. Má hafa töfluna eins stóra eða litla eins og óskað er eftir. Síðar má stilla útlit og hegðun töflunnar nánar.

Tafla sniðin til með Properties

Hægt er að stilla töflur af á mismunandi vegu. Einfaldasta aðferðin er sú að smella með músinni á ramma innan töflunnar (sjá mynd hér til hliðar) og draga rammalínuna til.

Ofangreind aðferð getur verið mjög þægileg við ýmsar aðstæður. Til að ná betri stjórn á hegðun töflunnar má nota *Table Properties* og *Cell Properties* valmyndir sem eru sérstaklega ætlaðar til að gefa nákvæmar stillingar annarsvegar fyrir töfluna sjálfa og hins vegar fyrir mismunandi reiti innan hennar.





Table og *Cell properties* valmyndirnar má báðar kalla fram í *Table* valmynd í skipanaröndinni efst á skjánum.

Algengara er þó að smellt sé með hægri músarhnappi og valin viðeigandi skipun af spjaldinu sem þá kemur.



Hér fyrir neðan eru myndir af þessum tveimur gluggum og bent á verkun hvorrar stillingar.

Staðsetning töflu

(hægri, vinstri, miðja)

Jöfnun texta kringum töflu

Þykkt á rammalínunum


Dýpt rammalína

Rými reita frá rammalínunum

Bakgrunnsmýnd

Bakgrunnslitur

Sérlytun lína til að gefa töflunni upphleypt útlit



Breidd töflu í prósentum eða punktum

Hæð töflu í prósentum eða punktum

Stillingar gerðar virkar án þess að slökka á glugganum


Flett eftir bakgrunnsmýnd

Glugginn hér fyrir ofan er fyrir töfluna í heild sinni en þessi gluggi hér til hliðar er fyrir einstaka reiti. T.d. má hafa bakgrunnslit í stökum reitum og á bakgrunnsmýnd óháð stillingum í töflunni sjálfri.

Hér eru stillingar fyrir rammalínur horfnar en í staðinn komin stilling fyrir lárétta og lóðrétta hegðun texta og mynda innan reitsins.

Hér er komin sérstök stilling fyrir spönn reitsins, þ.e. hvort reiturinn spanni fleiri en eina röð á hæð og fleiri en einn dálk á breidd.

Að öðru leyti er glugginn samskonar og sá fyrir ofan.



Gögn úr Microsoft Excel


Mjög auðvelt er að flytja gögn úr töflureikninum *Excel* yfir á heimasíður.

Hér er búið að setja upp verðskrá blóma með stykkjaverði og útreiknaðri álagningu fyrir heimsendingu og magnafslætti.

Verðskráin er valin og gefin skipunin *Edit - Copy*. Efnið er þá afritað á klippiborð tölvunnar.

Í *FrontPage Editor* er valin skipunin *Edit - Paste*. Verðskráin kemur nú beint inn á heimasíðuna með öllum uppsetningum eins og var í *Excel* en sem *HTML* tafla. Örlítið gæti þó þurft að laga efnið til.

Með sama hætti má flytja gögn úr heimasíðutöflum yfir í *Excel*.




Klippa og líma

Aðferðin sem hér er útskýrð er mjög algeng í tölvuumhverfi nútímans og kallast að klippa og líma, þó í þessu tilfelli sé verið að afrita og líma.

Með skipuninum *Cut* og *Copy* í *Edit* valmynd forrita má taka nánast hvað sem er og setja á klippiborð tölvunnar. Mikilvægt er þó að muna að einungis kemst einn hlutur í einu þangað.


Strax á eftir er farið á endanlegan stað þess sem var klippt/afritað og gefin skipunin *Paste* sem límir inn af klippiborðinu. Þetta virkar jafnt innan sama forrits og á milli forrita.



Gögn úr Microsoft Word og öðrum forritum

Ekki hentar alltaf að færa gögn inn á heimasíðuna með áður nefndri aðferð. Með skipuninni *Insert - File* í *Editor* er hægt að velja hvaða skjal sem er af harða disk tölvunnar og setja inn á heimasíðuna, meðal annars gögn úr *Microsoft Word*.

Hér til hliðar er búið að velja möppuna sem geymir fyrrnefnda verðskrá og sést hvar verið er að velja tegund forrits sem notað var til að búa til fyrrnefnt skjal.




Sniðmát búið til

Sniðmát (*Template*) eru sérstakar síður sem *FrontPage Editor* getur notað til að búa til nýjar síður. Sniðmát þekkist í fjölda annarra forrita t.d. *Microsoft Word* og er í rauninni engin síða búin til án þess. Þegar t.d. stutt er á hvíta hnappinn lengst til vinstri á efstu tækjastikunni í forritinu kemur á skjáinn nýtt tomt skjal og er sú síða byggð á sniðmáttinu *Normal page*.

Sé verið að vinna á heimasvæði með fjölda síðna sem eiga að innihalda sömu grunnstillingar, getur verið leiðigjarnt að endurtaka stillingarnar í sífellu fyrir nýjar síður.


Þá er brugðið á það ráð að gera eina síðu sem inniheldur allar þessar stillingar og þegar síðan er vistuð með *File - Save As* er stutt á hnapp sem heitir *As Template* (sjá mynd). Þá kemur sérstakur gluggi sem biður um titil sniðmátsins, nafn fyrir skjalið og tækifæri til að gefa nánari skýringu á tilgangi þess.


Þegar að lokum er stutt á *OK* vistast sniðmátið í sérstaka möppu með nafninu *Pages* á sama svæði og forritið sjálft er uppsett. Sniðmát eru aldrei vistuð innan vefsvæða.



Hér fyrir ofan er búið að setja inn staðlaðar stillingar og hluti sem eiga að fylgja nýju sniðmáti.

Bakgrunnurinn er búinn til með mynd sem verið er að staðfesta hér til hliðar að muni vistast með sniðmáttinu.





Síða búin til með sniðmáti

Þegar sniðmátið hér fyrir framan hefur verið búið til og kemur að því að það skuli notað er gefin skipunin *File - New* í stað þess að smella á hvíta hnappinn (á efstu tækjastikunni) sem oftast er notaður.

Þá kemur gluggi eins og hér fyrir ofan með lista yfir öll sniðmát sem til eru. Efst á listanum sést sniðmátið *Normal Page* sem býr til hið venjubundna tóma skjal.

Þegar eitthvert sniðmát er valið birtist sýnishorn (*Preview*) hægra megin í glugganum og lýsing á eðli þess (*Description*) þar fyrir ofan.

Þegar stutt er á *OK* hnappinn er búið til nýtt skjal byggt á sniðmátinu. Skjalið getur notandi þá meðhöndlað að vild. Þegar sú síða er vistuð kemur upp hinn hefðbundni *Save As* gluggi þar sem notandi gefur nýju síðunni nafn innan þess vefsvæðis sem verið er að vinna í það sinnið.

Á myndinni hér fyrir ofan sést að glugginn er á tveimur spjöldum eða flipum, *Pages* og *Frames*. Sé smellt á *Frames* spjaldið kemur fram samskonar gluggi og á *Pages* spjaldinu, en með flóknari sniðmátum til að gera rammasíður.


Rammasíða er ekki venjuleg heimasíða heldur er hún notuð til að kalla fram aðrar síður og raða þeim á skjáinn. Rammasíður eru ræddar hér á eftir.

Rammasíður

Rammasíða er sérstök síða til að kalla á aðrar síður sem sjást á skjá lesenda. Nánast engin takmörk eru fyrir því hvernig rammasíður eru settar upp. Algengast er þó að vinstra megin á skjánum sé mjó ræma með tenglum. Þegar smellt er á tenglana kalla þeir fram síður sem birtast í aðalgluggasvæðinu hægra megin.

Helst eru rammasíður notaðar þegar ætlast er til að lesendur hafi á skjánum tengla til ákveðinna staða sem auðveldi þeim að flakka innan vefsvæðisins. Einnig ef skoðaðar séu síður utan svæðisins þá finnst lesanda hann vera ennþá innan þess og eigi auðveldu endurkomu.

Stöðugt færast í vöxt að vefsvæði séu hönnuð með rammaborða efst á skjánum t.d. með auglýsingum. Sömuleiðis er oft borði vinstra megin með tenglum í síður til lestrar og einum borða í viðbót neðst á skjánum ýmist fyrir auglýsingar eða aðra tengla.



Rammasíða búin til

Í dæminu hér á eftir er sett upp rammasíða með grönnum borða vinstra megin og aðaltextasvæði hægra megin. Áður fyrr þótti flókið að gera rammasíður, sérstaklega ef ætlunin var að kóða þær með *HTML* málinu en í *FrontPage 98* er þessi aðgerð orðin þó nokkuð einfaldari og skemmtileg.

Í *FrontPage Editor* er gefin skipunin *File - New* til að fá valmynd með sniðmátum. Á þeirri valmynd er smellt á *Frames* flipann til að sjá lista með sniðmátum fyrir rammasíður.


Í *Frames* er valið sniðmátið *Contents* og sést hægra megin í glugganum sýnishorn af því hvernig ramminn kemur til með að líta út.

Þegar smellt hefur verið á *OK* hnappinn býr *Editor* til þrjár nýjar síður (sjá mynd efst á næstu síðu).

Aðal rammasíðan sést ekki á skjánum en inniheldur þó hinar tvær. Sú síða verður stöðugt gildandi þegar lesandi skoðar vefsíður í rammanum en ávallt ósýnileg.

Borðinn vinstra megin á skjánum er sjálfstæð síða sem hefur fengið afmarkað pláss og á að vera stöðugt á því svæði í glugganum.

Stærra svæðið hægra megin er svo þriðja síðan en hún mun verða víkjandi í vefskoðun lesandans. Átt er við að þegar smellt er á tengil á borðanum vinstra megin á síðan sem tengillinn vísar til að birtast á stóra svæðinu hægra megin. Algengt er að hægri síðan sé sett upp sem forsíða og er þá tekið sérstakt tillit til víkjandi eðlis hennar.



Myndin hér fyrir ofan sýnir hvernig síðurnar tvær innan rammans raðast á skjáinn. Hægri hlutinn er ekki orðinn að síðu eins og sést á hnöppunum þremur í miðri síðunni. Hnappurinn *Set Initial Page* er ætlaður til að sækja síðu af vefsvæðinu og gera að aðalhluta gluggans meðan hnappurinn *New Page* er til að búa til nýja síðu í sama tilgangi. Á vinstri hlið gluggans er búið að smella á *New Page* og gera nýja síðu innan rammans.

Flipunum neðst á skjánum hefur nú fjölgað nokkuð. Sérstaklega skal bent á flipann *No Frames* sem er ætlaður til að flytja skilaboð til fólks sem ekki hefur vefskoðara fyrir rammasíður.


Rammastillingar (Frame properties)

Með því að smella með hægri músarhnappi innan hvors ramma fyrir sig má kalla fram stillivalmynd fyrir hegðun síðunnar.

Eini munurinn á þessum glugga og þeim fyrri er nafnið í *Name* línunni efst á valmyndinni sem vísar til hvaða hluta rammans er unnið með. *Contents* stendur fyrir granna hlutann vinstra megin sem á að vera stöðugt á skjánum. *Main* stendur fyrir stóra svæðið hægra megin sem er víkjandi.

Aðalstillingarnar eru;

- Resizable in Browser:* Stærð gluggans ráðist af vefsíðuskoðara.
- Show Scrollbars:* Hvort skrunstikur megi sjást eða ráðist af aðstæðum.
- Frame Size:* Breidd (*Width*) og hæð (*Row Height*) rammásiðu í skjápunkta-stærð. Oftast er aðeins notað breidd.
- Margins:* Spássía milli rammanna.
- Initial Page:* Ef ekki er búið að velja hvaða síða skuli birtast má gera það hér með *Browse* hnappi.



Fyrsta síðan vistuð


Þegar gefin er skipunin *File - Save/Save As* kemur sérstakur gluggi fyrir hverja síðu.

Hér er gefið nafn síðunni sem á að birtast sem granni borðinn vinstra megin.

Í *URL* er skjalinu gefið nafn.

Í *Title* er gefinn titill fyrir síðuna (titill heimasíðu er það nafn sem birtist í titillínu vefskoðarans).


Þegar smellt er á *OK* kemur næsti gluggi.



Önnur síðan vistuð

Þegar fyrsta síðan hefur verið vistuð kemur glugginn hér til hliðar sem leyfir að gefa síðunni í hægri hluta rammans nafn.

Þessi gluggi er að öllu leyti eins og sá fyrsti en mikilvægt er þegar rammásiða er búin til að nafnið sem gefið er þessum tveim síðum séu að einhverju leyti lýsandi fyrir eðli þeirra og tilgang. Þetta skiptir miklu máli fyrir framtíðarvinnu með þessar síður svo ekki komi upp ruglingur með það hvaða síða er hvað þegar bætt er inn á þær efni síðar meir.




Aðalsíðan vistuð


Þegar búin er að gefa nöfn í fyrri gluggunum tveimur kemur síðasti glugginn sem er fyrir rammásiðuna sjálfa, þ.e. síðuna til að stjórna stillingum fyrir þær síður sem munu birtast innan rammans.

Ef þessi rammásiða ætti að vera aðalforsíða heimasvæðisins væri henni gefið hér nafnið *index.htm*.

Nafngift aðalforsíðu heimasvæðis er mjög mikilvæg því vefskoðarar leita fyrst uppi síður með nöfnum: *index* eða *default* og gildir einu hvort endingin er *.htm*, eða *.html*.

Sérstaklega er mikilvægt að fyrsti stafurinn eins og allir aðrir í nöfnum skjala séu með litlum staf.





Tengill innan rammavæðis

Á myndinni hér fyrir ofan er búið að skrifa orðið *Blómasíðan* ofst í vinstri ramma. Síðan hefur textinn verið valinn og gefin skipunin *Insert - Hyperlink* til að breyta textanum í tengil.

Á tenglaglugganum er búið að smella sérstaklega á síðuna *blomaverd.htm* til að velja að sú síða komi á skjáinn þegar smelt er á tengilinn.

Áður en valið er staðfest með *OK* er smelt á blýantinn aftast í línunni *Target Frame* til að fá viðeigandi valmynd (sjá mynd). Á þeirri valmynd má smella sérstaklega á þann hluta rammans sem æskt er að tengda síðan muni birtast í.

Á þessum glugga má velja fleiri möguleika, t.d. að tengillinn ryðji ramma úr vegi (*Same Frame*) eða opnast í sérglugga (*New Window*). Ef þetta er ekki gert myndi tengda síðan opnast innan vinstra svæðisins, sem væri frekar óþægilegt.

Rammasíðan tilbúin

Haldið er niðri *Ctrl* lykli á lyklaborðinu og smelt með músinni á tengilinn (einnig má hægrismella með mús og velja *Follow Hyperlink*).

Kemur þá tengda síðan á skjáinn á sama hátt og verið væri að skoða hana á vefnum.

Sést greinilega hvar vinstri síðan er stöðugt á skjánum en ný síða er komin í stað hægri síðunnar.

Á þennan máta þarf að meðhöndla alla tengla innan rammavæðisins upp frá þessu.

The screenshot shows the FrontPage 98 interface with a web page titled "Verðlisti blóma" (Flower Price List). The page is displayed in a frame within the editor. The table lists various flower types with their unit prices, shipping costs, and savings for a 10-unit order.

Tegund	Stykkja-verð	Heimsendinga-verð	Tilboð 10 stk	Þú sparar
Bleikar nellikur:	290 kr.	319 kr.	2.523 kr.	377 kr.
Blómakarfa:	2.490 kr.	2.739 kr.	21.663 kr.	3.237 kr.
Blómavöndur - blandaður:	1.490 kr.	1.639 kr.	12.963 kr.	1.937 kr.
Burkni:	680 kr.	748 kr.	5.916 kr.	884 kr.
Chrysanthemum:	365 kr.	402 kr.	3.176 kr.	475 kr.
Fjóla:	199 kr.	219 kr.	1.731 kr.	259 kr.
Gulir túlpanar:	135 kr.	149 kr.	1.175 kr.	176 kr.
Hvítar sýrenur:	95 kr.	105 kr.	827 kr.	124 kr.
Hvítasunnuliljur:	220 kr.	242 kr.	1.914 kr.	286 kr.
Hyasintur:	290 kr.	319 kr.	2.523 kr.	377 kr.
Kaktus:	105 kr.	116 kr.	914 kr.	137 kr.
Liljur, páska-	155 kr.	171 kr.	1.349 kr.	202 kr.
Liljur:	145 kr.	160 kr.	1.262 kr.	189 kr.
Míslitir túlpanar:	230 kr.	253 kr.	2.001 kr.	299 kr.
Nellikur Hvítar:	130 kr.	143 kr.	1.131 kr.	169 kr.

Erfitt getur reynst að setja rammasíður upp í fyrsta skipti en æfingin skapar meistarann svo ráðlegt er að gera nokkrar tilraunaútgáfur.


Mikilvægt getur verið að ná góðu valdi á rammasíðum því með þeim má hanna mun skilvirkari vefsvæði en með einföldum rammalausum síðum.

Virkir eiginleikar

Með skipuninni *Insert - Active Elements* má fá ýmsa virka aukahluti á heimasíðuna.


Hover Button glugginn

Hnappur sem skiptir um lit þegar músin er færð yfir hann. Algengt er að hnappar af þessu tagi séu notaðir sem tenglar. Hægt er að velja mismunandi liti, hegðun og stærðir.




Banner Ad Manager glugginn

Hér er hægt með *Add* hnappinum að velja margar myndir sem heimasíðan birtir síðan hverja á fætur annarri. Hægt er að stilla með *Effect* hvernig skipt er milli mynda og hversu lengi hver þeirra sést á heimasíðunni auk stærðar myndasvæðisins óháð stærð myndarinnar.




Marquee Properties glugginn

Með þessari valmynd er hægt að setja inn hreyfanlegan texta sem rennur þvert yfir skjáinn. Hægt er að stilla hversu oft hreyfingin er endurtekin, hversu hratt hún hreyfist, litir og stærðir.




Search Form Properties glugginn

Þessi aðgerð setur upp leitaráðgerð innan heimasvæðisins. Þetta er einföld leitarvél sem gefur lesendum möguleika á að leita með einföldum leitarstreng að hvaða efni sem heimasvæðið gæti innihaldið.



Video glugginn


Hér má velja litlar hreyfimyndir (skrár með endingunni .avi) sem hlaðast inn eins og venjulegar skrár. Þegar myndin er komin inn á svæðið þarf að smella með hægri músarhnappi á myndina og velja *Image Properties* og *Video* flipann til að stilla frekari hegðun myndarinnar.



Hit Counter glugginn

Hér er settur teljari á síðuna. Hægt er að velja um fimm mismunandi tegundir (útlit) af teljara, hversu margar tölur mega vera í honum og stilla hann á fyrirfram ákveðna tölu.


Hit Counter krefst þess að vefþjónninn hafi uppsettar viðbæturnar *FrontPage Extensions* en þær eru hugbúnaður sem leyfir virkum vefsvæðum að setja upp forrit á vefsíðum sínum og gera þær gagnvirkar.



Fyrirspurn í gagnagrunn

Með skipuninni *Insert - Database* má setja upp vefsíðu með uppfléttimöguleikum ekki ósvipað og símaskráin á Internetinu eða fyrirspurn í leitarvél.

Til þess þarf að fá hjá umsjónaraðila gagnagrunnsins upplýsingar um hvernig eigi að tengjast gagnagrunninum og hvernig eigi að bera sig við að setja upp fyrirspurnir.



Form Field valmöguleikinn

Með valmöguleikanum *Insert - Form Field* má setja upp innsláttarform í vefsíðurnar. Heimasíða með einföldum form innslátti gæti verið með reitum þar sem lesandi síðunnar gefur upp tölvupóstfang sitt, skrifar nokkrar línur af texta sem með *Senda* hnappi má skipa heimasíðunni að senda áfram til umsjónarmanns vefsvæðisins.

Algengt er á heimasvæðum að bjóða lesendum að skrá inn upplýsingar t.d. til að skilja eftir sig athugasemdir, skrá sig í gestabækur eða sækja um frekari aðgang að vefsvæðinu.

Til þess að innsláttarform í *FrontPage* virki edlilega er best að vefsvæðið sé vistað á netþjón sem styður *FrontPage Extensions* (sjá annarsstaðar).




Þegar innsláttarform er sett inn koma yfirleitt inn hnapparnir *Submit* og *Reset*. Þessir hnappar gegna þeim tilgangi að senda fengnar upplýsingar eða fjarlægja allan innslátt af síðunni. Nóg er að hafa tvo slíka hnappa á allri vefsíðunni. Óhætt er að smella á alla óeskilega hnappa og eyða þeim með *Delete* hnappi á lykklaborði.

Setja má skýringartexta og upplýsingar um notagildi hvers einasta innsláttarforms sem sett er inn.

Til að virkja formin er nauðsynlegt að smella með hægri hnappi á viðeigandi hlut í forminu og velja skipunina *Form Field Properties*. Þá koma gluggar sambærilegir við myndina hér til hægri. Þar getur notandi stillt af ýmsa eiginleika, bætt við þá, sett inn frekari eiginleika eða tekið þá út.

Einnig er hægt að velja hvort formið sendi upplýsingar áfram til umsjónaraðila vefsvæðisins í tölvupósti, skilji eftir textaskrá með upplýsingunum á vefsvæðinu sjálfu eða hreinlega breyti vefsíðum.

Hér til hliðar sést dæmi um síðu með tilbúnu innsláttarformi.




FrontPage hlutar

Við að gefa skipunina *Insert - FrontPage Component* kemur upp valmynd með aukahlutum eða aðgerðum sem auka virkni heimasíðunnar eða vefsvæðisins.


Comment glugginn

Þessi valmynd er notuð til að bæta inn texta-upplýsingum sem sjást ekki við eðlilega skoðun. Þær verða þó sýnilegar með skipuninni *View - Source* í vefskoðaranum. Þessi texti er þó ávallt sýnilegur í *FrontPage*.



HTML Markup glugginn


Þessi gluggi er ætlaður fyrir HTML-kóðun sem *FrontPage* ræður ekki við. Stundum kemur fyrir að ákveðin útfærsla á kóðun sé of sértæk og þarf að setja inn handvirkt, þá má setja þann kóða inn með þessum glugga og mun þá forritið ekki reyna að hafa nein áhrif á hann.



Scheduled Image and Include Page gluggarnir

Með þessum valmyndum má velja að á síðunni birtist ákveðin mynd eða innihald annarrar síðu. Eins má ákveða innan hvaða tímabils viðkomandi hlutir komi fram.

Einnig má velja hvaða hlutir séu birtir fyrir þann tíma sem valinn er og þegar tímabilinu lýkur.



Fleiri hlutir sem setja má inn:

- | | |
|-------------------------|---|
| HIT COUNTER: | Teljari sem settur er í síðuna og telur #1 í hvert sinn sem síðan er skoðuð. Þetta er samskonar tæki og sett er inn með <i>Active elements</i> . |
| PAGE BANNER: | Borði sem settur er inn efst á síðunni. Til þess að setja á hann texta og stillingar þarf að tengja inn á síðuna aðrar síður í <i>FrontPage Explorer - Navigation</i> . |
| CONFIRMATION FIELD: | Notað til að merkja hvort innsláttarform skuli kalla upp staðfestingarsíðu eða ekki. |
| SUBSTITUTION COMPONENT: | Hér má setja inn skipun sem sjálfkrafa setur inn: staðsetningu í vefsvæðinu, höfund, þann sem síðast breytti eða lýsingu síðu. |
| INCLUDE PAGE: | Hér má skilgreina að efni annarrar síðu birtist á síðunni eins og um sömu síðu sé að ræða, en þó innan nógildandi síðu. |

4. Vefþjónninn

Publish FrontPage Web

Vefsvæðið sett á vefinn

Þegar búið er að hanna vefinn og útlit hans er viðunandi, er tímabært að setja hann á Netið.

Til þess þarf að vera búið að vista allar síður í *Editor* og helst að loka þeim með *File - Close*. Þá er farið í *FrontPage Explorer* og gefin skipunin *File - Publish FrontPage Web*. Einnig má smella á hnappinn *Publish* á tækjastikunni.

Þegar þetta er gert í fyrsta sinn kemur valmyndin hér til hliðar. Hér þarf að gefa slóðina í vefþjónninn til dæmis: **www.tolvuskoli.is** (http:// er óþarfi), eða hver sá vefþjónn sem selur notanda sitt notandanafn.

Valmyndin hér til hliðar kemur á skjáinn uppfrá þessu þegar *Publish* skipunin er notuð. Með því að smella á *More Webs* hnapp má fá valmyndina hér fyrir ofan. Í minni *FrontPage* er síðasti áfangastaður á Netinu.

Hér er merkt við skipunina *Publish changed pages only* en hún á að tryggja að ef sett er stórt vefsvæði á vefinn séu aðeins fluttar út þær síður sem hafa breyst. Ef flutt hefur verið út á fleiri netþjóna kemur listi yfir þá þegar smellt er á *More Webs* hnappinn.




Valmyndin hér til hliðar biður um sömu slóð og efsta myndin eða slóðina í netþjónninn. Einstaka netþjónar vilja að skipt sé út *www* í *ftp*. Þessi gluggi er til að koma til móts við þá.

Nauðsynlegt er að setja í línuna *Directory Path* slóðina *www* sem stendur fyrir möppu notanda í sinni eigin notandamöppu á netþjóninum. Flestir vefþjónar krefjast þess til að vefsvæðið verði sýnilegt á vefnum.

Síðan kemur valmynd (mynd vantar) sem biður um notandanafn (nafnið framan við @ merkið) og lykilorð notanda (sama og er notað til að athuga með tölvupóst).

Að lokum kemur valmynd til að staðfesta þegar síðurnar eru lagðar af stað á Netið. Þegar því er lokið þarf að ræsa vefsíðuskoðara og skoða árangurinn.

Á þessu formi myndi slóðin vera: *www.netþjónn.is/~notandi/*




FrontPage Web Server

Öll vinnsla sem fram fer í *FrontPage* er ólík hefðbundinni skjalavinnslu eins og t.d. í Word eða Excel.

Þetta á jafnt við ef sóttar eru síður af Netinu sjálfu, búnað til nýjar síður og vistaðar, sett inn grafík eða möppur endurskipulagðar og tenglar yfirfarnir.

Munurinn felst í því að hefðbundin vinnsla með skrár og möppur er unnin beint á harða diskinn en í *FrontPage* vinnur forritið *Personal Web Server* á meðan á vinnslu stendur. Þetta er lítið forrit sem líkir eftir hegðun netþjóns. Þegar notandi vill opna síðu þá sendir *FrontPage* fyrirspurnina *Get „síðunafn“* til netþjónsins, rétt eins og vefsíðuskodari vinnur á Netinu sjálfu. Samskonar á við þegar síða er vistuð.



Aðalkosturinn við *Personal Web Server* er að ef unnið er í *FrontPage* á staðarneti þess sem rekur netþjóninn má vinna við vefhönnunina beint á innanhússvefnum eins og hann birtist á Netinu. Annars er allt unnið á heimatölvunni og þarf þá að setja það á vefinn sérstaklega.

Ef *Personal Web Server* er ekki í gangi í tölvunni meðan unnið er í *FrontPage* er ekki hægt að vista neitt af þeirri vinnu sem í gangi er. Ef slökkt hefur verið á honum óvart þarf að finna forritið sjálft og koma því í gang aftur. Það má yfirleitt finna í slóðinni:

`C:\FrontPage Webs\server\`

Með *Personal Web Server* í gangi gefst kostur á að nýta vefskoðarann til að skoða alla vefi á tölvunni rétt eins og um Netið sjálft sé að ræða. Þarf þá að vita netnafn tölvunnar og slá það inn í slóðarlínu vefskoðarans. Þetta nafn er auðvelt að finna því það er einmitt möppunafn rótarvefsins (Opna *FrontPage Explorer* smella á *File - Open FrontPage Web* og velja síðan *Personal Web*. Þá sést nafnið.

Rótarvefur

Rótarvefur (Rootweb) er fyrsti vefurinn sem búinn er til í *FrontPage*. Hann er settur upp af forritinu sjálfu þegar það er sett inn á tölvuna og er vistaður í möppunni; *C:\FrontPage Webs\Content*.

Þessi vefur er hugsaður sem aðal heimasvæði fyrir *Personal Web Server* og út frá því svæði eru búnir til allir vefir sem notandi forritsins vinnur með í framtíðinni. Rótarvefurinn er ágætur til að þróa frekar ef ekki á að vinna fleiri vefi en séu fleiri en einn vefur settur á tölvuna er oft gott að nota rótarvefinn til að setja tengla í aðra vefi í möppunni *C:\FrontPage Webs\Content* og nota hann til að geta skoðað hina vefina eins og um vefskoðun á Internetinu sé að ræða.

Viðbætur

Með *FrontPage Extensions* er átt við hugbúnaðar viðbætur á netþjóni til þess að styðja við vefi með gagnvirkum eiginleikum eins og fyrirspurnar- og skráningarformum, teljurum, gestabókum, gagnagrunnsviðbótum og ýmsum öðrum gagnvirkum eiginleikum sem *FrontPage* býður uppá.

Fyrir venjuleg vefsvæði eru þessar viðbætur óþarfar. Fyrir þann sem hinsvegar ætlar sér að nýta *FrontPage* til hins ýtrasta og vinna alvarlega vefsvæðahönnun þá er nauðsynlegt að margra mati að hafa aðgang að netþjóni með *FrontPage Extensions* viðbótum.

5. Almenn verkefni

Verkefni 1

Síða gerð með HTML-kóðun


A) Farðu á Netið og skoðaðu síðuna: <http://www.tolvuskoli.is/~fp/prufa/index.htm>.

```
<HTML>
<HEAD>
<TITLE>Þetta er fyrsta heimasíðin mín</TITLE>
<BODY>
<h1>Ég er nemandi í heimasíðugerð.</h1>
<p>Þetta er tilraunasíða, vertu velkomin. Hér má búast við miklum og gagngerum breytingum á kóða á næstu dögum.</p>
<p>Vertu iðin(n) <br>við að smella á Refresh hnappinn <br>á vefskoðaranum þínum, öðru hvoru til að fylgjast <br>með því hvort ég hafi sett <br>hér inn nýja uppfærslu á síðunni.</p>
<hr>
Hér er heimasíða <a href="http://www.tolvuskoli.is/">tölvuskólans</a>
Hér er mynd af einhverjum.<br>
<hr>
Smelltu hér til að senda <a href="mailto:fp@tolvuskoli.is">tölvupóst til mín</a>
</BODY>
</HTML>
```

B) Með síðuna á skjánum gefurðu skipunina *View - Source*. Þá opnar *Notepad* gluggi með HTML-kóðun síðunnar.


Vistaðu hana í möppu á C:\ drifinu. Smelltu á hnappinn *New Folder* og gefðu möppunni nafn. Tvísmelltu síðan á möppuna og gefðu síðunni nafnið *index.htm* í *File name* línunni og smelltu á *Save*.

Lokaðu síðunni með *File - Exit*.



C) Opnaðu síðuna í vefskoðaranum með skipuninni *File - Open*.

Með *Browse* hnappi finnurðu möppuna sem þú bjóst til í B lið og tvísmellir á *index.htm*.



D) Gefðu aftur *View - Source* skipunina og hreinsaðu út allan texta milli html benslanna.

E) Vistaðu síðuna í *Notepad*. Smelltu á vefskoðarann á verkstikunni og smelltu á *Refresh*. Þá ætti síðan að birtast án efnis í vefskoðaranum. Nú máttu setja eigin texta milli benslanna og skoða árangurinn. Breyttu einhverju í *Notepad*. Vistaðu og smelltu aftur á *Refresh* í vefskoðaranum .

```
<HTML>
<HEAD>
<TITLE>--</TITLE>
<BODY>
<h1>--</h1>
<p>--</p>
<p>--<br>-- <br>--</p>
<hr>
--<br>
<hr>
--<a href="mailto:notandi@tolvuskoli.is">--</a>
</BODY>
</HTML>
```

F) Smelltu nú með hægri músarhnapp á myndina í vefskoðaranum og vistaðu hana á harða diskinn með skipuninni *Save image as*. Opnaðu því næst *index.htm* með *Notepad* og breyttu myndakóðuninni.

úr: "http://www.islandia.is/~elias/images/ei11.jpg"

í: "ei11.jpg"

G) Smelltu aftur á *Refresh* í vefskoðaranum. Síðan ætti að líta út eins og sést hér fyrir neðan, nema settur hafi verið annar texti í stað texta bókarhöfundar.

H) Settu allt á vefinn með forritinu *Ws_Ftp* sem fjallað er um á bls. 10-11.



Verkefni 2

Að stofna vefi, sækja og eyða.


A) Ræstu með *Start - Programs - FrontPage 98* skipun. Í *Getting Started* glugga, sem þá kemur upp, skaltu velja *Create a New FrontPage Web*. Í næsta glugga þar á eftir velurðu *One Page Web*.

Er þá búinn til nýr vefur með einni síðu.

Athugaðu muninn á að skoða vefinn annarsvegar í *Explorer* hlutanum og hins vegar í *Editor* hlutanum.



Finndu hnapp sem opnar *Editor* og prófaðu, þegar þangað er komið, skipunina *File - Open* til að opna heimasíðu vefsins. Lokaðu síðan *Editor*.



B) Í *FrontPage Explorer* skaltu nú gefa skipunina, *File - New - FrontPage Web*.

Á valmyndinni *New FrontPage Web* skaltu velja *Import an Existing Web* og í lið 2 á þeirri valmynd skaltu gefa nafnið *prufa*. Það er til að búa til möppu undir nýja vefinn. Smelltu svo á *OK*.



Í næsta skrefi velurðu skipunina *From a World Wide Web site*, og gefur slóðina <http://www.tolvuskoli.is/~fp/prufa> í *Location* línuna. Smelltu síðan á *Next*.

Á valmynd þar á eftir merkirðu við skipanir eins og hér er sýnt til að sækja allt sem vefurinn gæti innihaldið en þó eingöngu heimasíður og myndaskjöl *Limit to text and image files*. Þegar þú smellir á *Next* er vefurinn sóttur á Netið.




- C) Þegar vefurinn er kominn inn í *FrontPage Explorer* skaltu prófa að opna *Editor* eins og í A hluta. Breyttu síðunni lítið eitt, vistaðu og lokaðu síðan *Editor* forritinu.
- D) Prófaðu síðan, með *FrontPage* enn í gangi og vefinn opinn, að skoða staðsetningu vefsins á harða diskki tölvunnar með forritinu *Windows Explorer*.
 Finndu þar möppuna *FrontPage Webs\Content* og skoðaðu innihald hennar. Athugaðu hvort þú kannist við einhverjar möppur.



- E) Ekki er nóg að vinna heimasvæðið á tölvunni heldur verður að setja vefsvæðið á Netið. Í *FrontPage Explorer* skaltu nú gefa skipunina *File - Publish FrontPage Web* til að setja vefinn með heimasíðum og myndum á Netið, samanber síðu 62.

- F) Í *FrontPage Explorer* skaltu nú eyða þessum vef með skipuninni *File - Delete FrontPage Web*. Athugaðu að forritið varar þig við að þegar vefnum hefur verið eytt er ekki hægt að afturkalla aðgerðina.
 Eyddu líka út vefnum sem búinn var til í A lið. Til þess að það sé hægt þarf þó fyrst að opna hann með *File - Open FrontPage Web*.



Verkefni 3

Nýr vefur búinn til með gandálf

- A) Ræstu nú *FrontPage* og búðu til nýjan vef með gandálf (*Wizard*). Gandálfar eru innbyggð forrit fyrir hálf-sjálfvirkar aðgerðir.

Á *New FrontPage Web* valmyndinni skaltu velja *Corporate Presence Web* úr listanum á *From Wizard or Template* hlutanum.

- B) Gandálfurinn spyr nú spurninga í nokkrum skrefum. Farðu á milli þeirra með hnappinum *Next*. Veldu í samræmi við listann hér fyrir neðan:

1. *Next*,
2. Velja: *Introduction*, *Next*,
3. *Next*,
4. *Next*,
5. Velja: *FullName*, *CompanyAffiliation*, *TelephoneNumber*, *emailaddress*, *Next*,
6. *Next*,
7. *Next*,
8. *Next*,
9. Fylla út: *FullName*, *OneWordVersion*, *Address*, *Next*, (mynd)
10. Fylla út: *telephone number*, *fax number*, *email webmaster*, *email general info*, *Next*, (mynd)
11. *ShowTaskView*, *Finish*

Er nú vefurinn búinn til sjálfkrafa.

- C) Þegar vefurinn er fullgerður opnast *Explorer* hluti í *Task* viðmóti. Prófaðu að tvísmella á efstu línuna og velja *Do Task* til að hefja vinnslu á fyrstu síðu vefsins. Á síðunni skaltu smella á grænu textasvæðin sem byrja á *Comment:...* og breyta þeim í þín eigin. Farðu síðan aftur í *Explorer* og framkvæmdu næsta *Task*. Vistaðu allar breytingar. Prófaðu að halda *Ctrl* lyklinum niðri og smella á tengla í síðunum sem þú opnar.

The top screenshot shows a dialog box with a text input field containing 'SNUPP'. Below the field are buttons for 'Cancel', '< Back', 'Next >', and 'Finish'.


The bottom screenshot shows a dialog box with the following text: 'The following contact information for your company will be available to any page in your web.' It contains four text input fields: 'What is your company's telephone number?' (954 595 1234), 'What is your company's FAX number?' (954 595 4321), 'What is the e-mail address of your webmaster?' (maxymine@snupp.u), and 'What is the e-mail address for general info?' (info@snupp.u). Buttons for 'Cancel', '< Back', 'Next >', and 'Finish' are at the bottom.

The screenshot shows the FrontPage Explorer window with the 'Tasks - corporate' list. The list has columns for Status, Task, A., Priority, Linked To, Modified Date, and Description. The first task is 'Customize Home Page' with a priority of 'High'. A 'Task Details' dialog box is open over the first task, showing its name, assigned user, creation/modification dates, and a description field.

Status	Task	A.	Priority	Linked To	Modified Date	Description
Not Started	Customize Home Page	u6	High	Home	29.6.1999 14:48:14	replace generic text with something more specific to your company
Not Started	Customize News Page	u6	High	SNUPP News Page	29.6.1999 14:48:14	add your own public relations text
Not Started	Customize Product Page	u6	High	SNUPP Product		
Not Started	Customize Services Page	u6	High	Services		
Not Started	Customize Feedback Form	u6	Medium	SNUPP Feedback		
Not Started	Customize HTML Page	u6	Medium	SNUPP HTML		
Not Started	Customize Search Page	u6	Medium	SNUPP Search		

The 'Task Details' dialog box shows:

- Task Name: Customize Home Page
- Priority: High, Medium, Low
- Assign To: [User Icon]
- Created By: u6 (Corporate Presence Wizard) on 29.6.1999 at 14:48:14
- Modified By: (Has not been modified)
- Completed: No
- Linked To: index.htm
- Description: replace generic text with something more specific to your company




Comment... Breyttu í eigin texta


D) Nú skaltu fara í *FP Explorer* og velja *Navigation*, veldu síðuna *Home* og ýttu á F2 á lyklaborðinu til að geta skipt um titil síðunnar. Skrifaðu **Heimasvæði SNUPP** (sjá mynd).




E) Smelltu nú á *Services* síðuna og veldu *Delete* skipunina. Gættu þess í valmyndinni *Delete Pages* að velja neðri valmöguleikann til að síðunum sé örugglega eytt endanlega.



F) Kláraðu nú að skipta um titla á öllum síðum í *Navigation* og endurraða þeim eins og á myndinni hér til hliðar.




F) Opnaðu síðan nokkrar síður í *Editor* og sjáðu breytingar á nöfnum og hnöppum. Prófaðu að halda *Ctrl* lykli niðri og smella á alla hnappa.



G) Í *Editor* skaltu nú opna *index.htm* og hægrismella á borðann undir aðal fyrirsögn síðunnar. Veldu skipunina *FrontPage Component Properties*. Á valmyndinni (hér til hliðar) skaltu velja *Child level* og *OK*.

Prófaðu að breyta fleiri borðum á síðunni.



H) Í *FrontPage Explorer* skaltu nú gefa skipunina *File - Publish FrontPage Web* (samanber síðu 62).

Í nær öllum verkefnum hér á eftir er gert ráð fyrir því að þetta verkefni hafi verið unnið fyrst þ.e. mörg þeirra eru ætluð til þess að breyta vefnum sem búinn er til hér og setja inn frekari útfærslur.

Verkefni 4

Nýr vefur gerður frá grunni.

- A) Ræstu *FrontPage 98*, veldur *Create New FrontPage Web*.
Veldu *Empty web* í vallistanum *From Wizard or Template* til að fá vef án vefsíðna og gefðu honum nafnið *prufa*.



- B) Í *FrontPage Explorer* skaltu velja *Folders* viðmót. Vefurinn ætti nú að vera tómur að undanskildum möppunum *images* og *_private*.

Fáðu nú inn fjórar nýjar síður með *New Page* hnappi og gefðu síðunum nafn.

Gættu þess að fyrsta síðan heiti *index*, einnig að allar síður hafi endinguna *.htm*. Notaðu nöfnin *ahugamalin.htm*, *vinnan.htm* og *fjolskyldan.htm*.

Taktu eftir á einni myndanna hér til hliðar að búin var til auka síða þar sem endingunni *.htm* var sleppt. Sú síða er ónothæf sem heimasíða.



- C) Opnaðu nú *index.htm* og settu inn texta eins og á myndinni efst á næstu síðu.

Gættu þess að fyrirsögnin er venjulegur texti sem settur er upp í *Heading 1* stíl.

Línan þvert yfir síðuna er sett inn með *Insert - horizontal line*.

Textinn þar fyrir neðan er fyrir tengla. Lóðréttu strikin eru fengin með lyklaborðsinnslætti: **Ctrl + Alt + Z**

Þá er skjalið vistað með skipuninni *File - Save* en þó haft opið áfram.

Þegar þú byrjar að slá inn skaltu gefa skipunina View - Format Marks til að sjá táknið aftan við textalínurnar.

↵ táknið er fengið með því að halda niðri hástafalykli þegar stutt er á Enter lykilinn.




D) Opnaðu hverja einustu síðu og settu inn dálítinn texta í stíl við nafnið. Vistaðu að því loknu. Athugaðu að séu fleiri síður opnar í einu geturðu vistað þær allar með skipuninni File - Save All

E) Farðu nú aftur á aðalsíðuna. Prófaðu Window skipunina efst í skipanalínu Editor til að gá hvort hún sé skráð þar sem opin síða.

Veldu nú orðið Áhugamál og gefðu skipunina Insert - Hyperlink. Á valmyndinni skaltu velja skjalið *ahugamal.htm* og smella á OK.


Á þessari valmynd birtist skjalið á tveimur stöðum á listanum sé það opið í Editor. Skiptir þá ekki máli hvort nafnið er valið.

F) Gerðu nú það sama við orðin Fjölskyldan og Vinnan. Prófaðu svo tenglana með því að halda niðri Ctrl lykli og smella á þá.




G) Veldu nú línuna Sendu mér línu og gefðu skipunina Insert - Hyperlink. Á valmyndinni skaltu smella á mynd af umslagi til að fá valmyndina Create E-mail Hyperlink.

Skrifaðu nú tölvupóstfangið þitt og smelltu tvisvar á OK. Er þá búið að setja inn tengil fyrir tölvupóst.



H) Veldu nú texta fótinn með tenglunum neðst á síðunni og gefðu skipunina Edit - Copy til að afrita hann. Opnaðu síðan allar síður á vefnum og gefðu skipunina Edit - Paste til að fá sama fót á þær allar. Að lokum skaltu vista allar opnar síður með skipuninni File - Save All.




I) Í FrontPage Explorer skaltu nú gefa skipunina File - Publish FrontPage Web (samanber síðu 62).

Verkefni 5

Síðustillingar

- A) Í *FrontPage Explorer* skaltu nú hafa opinn vefinn *prufa* sem unninn var í Verkefni 4. Smelltu á *Hyperlinks* hnappinn til að sjá hvernig heimasíðurnar tengjast innbyrðis. Opnaðu nú aðal heimasíðuna með því að hægismella á tákmynd hennar og velja *Open*.

Þegar sú síða hefur opnast í *Editor* skaltu hægismella hvar sem er á síðunni og velja *Page Properties* til að opna valmynd fyrir síðustillingar.





- B) Í *Page Properties - General* flipa skaltu nú gefa titil fyrir síðuna og smella síðan á flipann *Background*. Titill síðunnar er alls óskyldur nafni skjalsins sem geymir innihald hennar. Titill er það nafn sem fólk sér birtast í vefskoðara þegar síðan er skoðuð á Netinu.

- C) Í *Background* er aðalstilling fyrir bakgrunnsliti skjalsins. Þarna eru stilltir litir fyrir t.d. grunn texta síðunnar, tengla, lit á heimsóttu tengla og tengla sem eru í skoðun þá stundina.

Breyttu litum síðunnar, hafðu t.d. *Text* sem *Navy* bláan og *Hyperlink*, *Visited Hyperlink* og *Active Hyperlink* alla á *Red*.


- D) Í *Background* litastillingunni skaltu velja *Custom* til að fá valmyndina *Color* hér til hliðar. Hér má velja um fleiri liti eða blanda sinn eigin. Hér skaltu velja stillinguna:

Red = 255, *Green* = 255, *Blue* = 200, smella svo á *Add to Custom Colors* og *OK*.



- E) Í *Custom* geturðu sett inn óséðar upplýsingar eins og nafn höfundar. Þessar upplýsingar munu aðeins sjást ef lesendur síðunnar velja *View - Source* í vefskoðara sínum.

Smelltu á *Add* hnapp til að fá valmyndina hér við hliðina fyrir *Meta*-kóðun. Hér seturðu inn í *Name* línuna orðið *author* og í *Value* línuna fer nafn höfundar.




- F) Þegar búið er að stilla af aðalsíðuna skal opna *ahugamal.htm* með skipuninni File - Open og velja File - Page Properties.

Á *General* flípanum skrifaðu Áhugamál í *Title* línuna en á *Background* flípanum velurðu skipunina Get ... from Page og smellir á hnappinn *Browse*.

Á valmyndinni *Current Web* sem þá kemur upp velurðu *index.htm* til að síðan lesi inn litastillingar og uppsetningar þess skjals.

Þessa aðferð notarðu svo einnig í *vinnan.htm* og *fjolskyldan.htm*.


Gættu þess vel að vista allar síður.



- G) Þegar þú hefur farið á þennan hátt yfir allar síðurnar á vefsvæðinu og vistað þær, skaltu opna *index.htm* aftur og breyta um litastillingu á henni. Vistaðu breytinguna.

Opnaðu síðan hinar síðurnar til að athuga hvort þær haldi áfram að lesa inn sömu síðustillingar.

Þegar þú hefur lokið því skaltu smella á táknmynd *FrontPage Explorer* neðst á skjánum og velja *Hyperlinks* hnappinn. Skoðuðu vel hvernig síðurnar tengjast innbyrðis.



- H) Í *FrontPage Explorer* skaltu nú gefa skipunina File - Publish FrontPage Web (samanber síðu 62).

Verkefni 6

Tenglar og eðli þeirra


A) Opnaðu *FrontPage* og vefinn *prufa* (sjá verkefni 4). Opnaðu því næst síðuna *ahugamalin.htm*.

Ef þú hefur ekki sett inn neinn texta efst á síðuna um ýmis áhugamál væri rétt að gera það núna. Settu textann ofan við fótinn sem búinn var til í verkefni 4.

Ýttu síðan u.þ.b. 15 sinnum á *Enter*, skrifaðu *Veidifélagið* og veldu það orð.

Gefðu síðan skipunina *Edit - Bookmark* og smelltu á *OK*.

Skrifaðu síðan nokkur orð um ímyndað veiðifélag. Vistaðu síðuna með *File - Save*.




C) Opnaðu nú síðuna *index.htm* og veldu orðið *Veidifélagið* í síðufætinum.

Með orðið valið skaltu gefa skipunina *Insert - Hyperlink*. Þá kemur upp valmyndin hér við hliðina.

Smelltu á táknmyndina *ahugamalin.htm*, kemur þá nafn skjalsins í *URL* línuna.

Nú smellirðu á vallistann *Bookmark* og velur nafnið *Veidifélagið*. Mun þá *URL* línan breytast í *ahugamalin.htm#Veidifélagið*

Nú eru komnir tveir tenglar á *index* síðuna; *Áhugamálin* sem tengist beint í *ahugamalin.htm* og *Veidifélagið* sem fer á sömu síðu en á staðinn þar sem bókamerkið *Veidifélagið* var búið til.



D) Á *index.htm* síðunni skaltu nú smella með hægri músarhnappi á tengilinn *Vinnan*. Á tengla valmyndinni smellirðu svo á blýants táknið aftan við *Target Frame*. Á þeirri valmynd smellirðu á *New Window*.

Nú er búið að velja að þegar smellt er á þennan tengil opnast nýr gluggi fyrir þá síðu. Gerðu þetta við fleiri tengla.




E) Í *FrontPage Explorer* skaltu nú gefa skipunina *File - Publish FrontPage Web* (samanber síðu 62).

Verkefni 7

Sniðmát

- A) Í *FrontPage Explorer* geturðu opnað hvaða vef sem er, t.d. *prufa*. Í þessu verkefni er ekki ætlunin að gera síðu beint fyrir vefinn.



- B) Búðu nú til síðu sem lítur út eins og síðan hér fyrir ofan.

Notaðu *Page Properties* til að gera gulan (*yellow*) bakgrunn og að litur á texta og tenglum sé dökkrauður (*maroon*).


Láréttu línuna færðu með *Insert - Horizontal Line*. Dagsetninguna neðst færðu með *Insert - Timestamp*. Tölvuskóli Reykjavíkur gerirðu að tengli á heimasíðu Tölvuskólans og *Sendu mér línu* gerirðu að pósttengli fyrir þitt tölvupóstfang.

- C) Þegar síðan er tilbúin gefurðu skipunina *File - Save As* og smellir á þeirri valmynd á hnappinn *As Template*.



Gefðu í reitnum *Title* nafnið: **Aðal sniðmátið mitt** og í *Name* nafnið **adalprufa**. Settu hvaða lýsingu sem er í *Description*.

Nú er búið að gera sniðmát (*Template*) sem nota má sem grunn að nýjum síðum.



- D) Gefðu nú skipunina *File - Close* til að loka síðunni. Endurtaktu það ef fleiri síður eru opnar. Slökktu síðan á öllum *FrontPage* gluggum og ræstu svo aftur. Ekki skiptir máli hvaða vef þú opnar.

Opnaðu því næst *FrontPage Editor* og gefðu skipunina *File - New*. Þá færðu upp valmynd með fjölda sniðmáta. Finndu **Aðal sniðmátið mitt**, smelltu á það og síðan á *OK* hnapp.

Þá kemur ný síða sem byggð er á síðunni sem þú bjóst til hér fyrir ofan. Breyttu síðunni og vistaðu hana að því loknu.

Verkefni 8


Síða sett upp með töflum

A) Hafðu vefinn *prufa* opinn í *FrontPage Explorer*. Opnaðu *index* síðuna og gefðu skipunina *Table - Insert Table*.



B) Á valmyndinni *Insert Table* skaltu stilla:
Rows = 6, Alignment = Center, Border Size = 2,
Cell Padding og Cell Spacing = 5, Specify Width = 600 og
 smelltu á *in Pixels*.

Með öðrum orðum; 6 línur með 2 punkta (pt) rammalínunum.
 Rými reita er 5 pt og miðjujöfnuð 600 pt breidd tafla.
 Breidd töflunnar er mæld í sömu punktum og breidd skjáa
 en algengasta skjástilling er 800 á breidd og 600 á hæð.



C) Veldu nú fyrirsögnina eins og hér sést. Smelltu á hana og meðan músarhnappi er haldið niðri dragurðu hana inn í reitinn efst til vinstri (sjá mynd fyrir ofan).

Að því loknu velurðu báða reitina í efstu línunni (sjá myndina hér fyrir neðan) og gefur skipunina *Table - Merge Cells*. Þá sameinast þessir reitir í einn og fyrirsögnin nýtur sín betur.

Dragðu nú allt efni síðunnar inn í töfluna, samanber myndina neðst á næstu síðu.






D) Veldu reitina í línunum 2-5 í fremri dálkinum. Hægrismelltu á þær og veldu skipunina *Cell Properties* (sjá mynd).



Í *Specify Width* skaltu setja inn **35**, og smella á *in Percent*.

Í *Background Color* velurðu litinn *Lime*.

Smelltu síðan á *OK*.




E) Nú geturðu hægrismellt hvar sem er í töflunni og valið *Table Properties*.

Breyttu *Cell Padding* nú í **0**, *Specify Width* í **90** og smelltu á *in Percent*.

Í *Background Color* skaltu velja *Silver*.

Smelltu á *OK*.



Prófaðu að breyta aftur *Border Size*, *Cell Padding* og *Cell Spacing* þangað til þér líkar útlit töflunnar og vistaðu síðan.

Lokaútlit síðunnar.



F) Settu nú inn töflu af svipuðu tagi á allar hinar síður vefsins og vistaðu þær.

G) Í *FrontPage Explorer* skaltu nú gefa skipunina *File - Publish FrontPage Web* (samanber síðu 62).

Verkefni 9


Grafik og eðli mynda

- A) Hafðu vefinn *prufa* opinn í *FrontPage Explorer*, búðu til nýja síðu með hnappinum *New page* og gefðu henni nafnið *myndir.htm*.

Opnaðu síðuna *index.htm* úr *FrontPage Explorer* og textann *Myndir* í síðufótinn og tengdu hann í nýju síðuna *myndir.htm*.

Smelltu með hægri músarhnappi á nýja tengilinn og veldu skipunina *Follow Hyperlink* (sjá mynd) til að opna *myndir.htm*.



- B) Þegar *myndir.htm* hefur opnast skaltu nota töfluhnapp á tækjastíku til að draga út töflu með 6 röðum og 2 dálkum (sjá mynd).



- C) Smelltu nú textabendli í reitinn efst til hægri í töflunni og gefðu skipunina *Insert - Clip Art*. Í *Clip Gallery* skaltu finna mynd eins og sést hér við hliðina og smelltu svo á hnappinn *Insert*.

Hægri-smelltu á myndina og veldu skipunina *Image Properties*.

Þá kemur valmynd þar sem setja má inn stillingar sbr. myndir hér fyrir neðan.



Á *General* flípanum er línan *Text*. Þar skaltu setja lýsingu á myndinni sem mun þá birtast á vefnum ef myndin skyldi tynast.



Á *Appearance* flípanum má stilla mjög nákvæmlega inn hæð og breidd myndar (*Specify Size*). Sömuleiðis má staðsetja myndina nánar (*Alignment*) og ákvarða hvort rammi sé utanum hana eða ekki (*Border Thickness*).

Ef þú hefur stillt *Image Properties* í samræmi við myndirnar hér fyrir ofan, ætti myndin nú að líta svona út í *Editor*.



D) Í næsta reit fyrir neðan skaltu nú gefa skipunina *Insert - Image*.


Á valmyndinni skaltu smella á hnapp til að leita á harða disknum og finna möppuna
C:\Program Files\Microsoft FrontPage\webs\CLASSWEB.TEM\IMAGES\

Finndu í þeirri möppu mynd með nafninu
Teacher.gif og fáðu hana inn á síðuna. Stilltu
hana síðan á sama hátt og myndina hér fyrir
framan.



E) Farðu nú í *Page Properties* og smelltu á flipann
Background. Smelltu þar á skipunina *Specify
Background and Colors* og síðan á *Browse*
hnappinn.

Smelltu síðan á hnappinn *Clipart* og finndu í
Clip Gallery valliðinn *Web Backgrounds*. Veldu
þar bakgrunn og smelltu á *Insert* og síðan á *OK*.



F) Vistaðu nú síðuna og farðu svo í *FrontPage Explorer*. Smelltu
þar á *Folders* viðmót og athugaðu hvar myndirnar hafi vistast.
Ef þess þarf skaltu nú draga þær inn í *Images* möppuna.

Á myndinni hér fyrir neðan sést lokaútlit síðunnar. Búið er að velja þá reiti töflunnar sem ekki á að
nota og gefa skipunina *Table - Delete Cells* til að eyða þeim.



J) Í *FrontPage Explorer* skaltu nú gefa skipunina *File - Publish FrontPage Web* (samanber síðu 62).


Verkefni 10

Sótt efni í Word og Excel.

A) Opnaðu vefinn *prufa* í *FrontPage Explorer*. Opnaðu síðuna *index.htm* og hafðu hana opna.

Ræstu næst *Microsoft Word* og skrifaðu stutta ritgerð um ferðalög (sjá mynd).


Vistaðu síðuna í *My Documents* með skipuninni *File - Save As HTML* og gefðu nafnið *ferdir.htm*. Þegar þessu er lokið máttu slökkva á *Word* með skipuninni *File - Exit*.



B) Opnaðu því næst *Microsoft Excel* forritið og settu upp einfaldan útreikning um ferðakostnað (sjá mynd). Veldu er útreikninginn og gefðu skipunina *Insert - Chart - Finish*.

Nú ertu búinn að setja upp einfalt graf byggt á töflunni. Dragðu grafið niður fyrir töfluna.

Vistaðu skjalið í *My Documents* með *File - Save* og gefa nafnið *ferdir.xls*. Hafðu *Excel* í gangi um stund.



C) Smelltu nú á *FrontPage Editor* á verkstikunni (neðst á skjánum), gefðu skipunina *File - Open* og smelltu síðan á hnappinn fyrir harða diskinn. Finndu möppuna *My Documents* og skjalið *ferdir.html* (ath. að *Word* gefur ekki *html* endingu en ekki *htm*). Smelltu því næst á *OK*.

Gefðu nú skipunina *File - Save As* til að vista þá síðu inn á vefsvæðið *prufa*.

Athugaðu að þær þrjár aðferðir sem notaðar eru í verkefninu eru ekki bundnar við þau forrit sem notuð eru, heldur má nota hverja aðferðina sem er í allflestum forritum.

D) Skrifðu nú **Kostnaður** neðan við aðaltexta ritgerðarinnar á nýju heimasíðunni. Veldu orðið og gefðu skipunina Edit - Bookmark og smelltu á OK.

Þessu næst skaltu smellta á *Excel* táknmyndina neðst á skjánum, smellta á súluritið og gefa skipunina Edit - Copy.

Smelltu því næst á *Editor* neðst á skjánum og gefðu skipunina Edit - Paste. Nú ætti súluritið að koma neðan við orðið *kostnaður*. Dragðu það aðeins neðar og settu textabendilinn í tóma línu neðan við orðið *Kostnaður*. Nú máttu loka *Excel*.

E) Gefðu nú skipunina Inserit - File og á valmyndinni sem þá kemur upp skaltu finna *My Documents*. Opnaðu því næst *Files of type* vallistann og finndu línuna *Microsoft Excel Worksheet*. Þá ætti *ferdir.xls* að sjást í glugganum og þú getur valið það skjal og smellt á Open.



Vistaðu síðuna á vefsvæðið. Taktu eftir því að þá kemur staðfestingargluggi vegna súluritsins sem nú vistast sem sjálfstæð mynd.

F) Farðu nú í *index.htm*, settu inn línuna.

Ferðalög | Kostnaður. Veldu síðan skipunina Inserit - Hyperlink fyrir hvort orðið fyrir sig og smelltu á síðuna *ferdir.htm*. Fyrir tengilinn *Kostnaður* skaltu þó athuga Bookmark vallistann.

G) Gættu þess að vista allar síður. Hér fyrir neðan sést lokaútlit nýju síðunnar.

Í *FrontPage Explorer* skaltu nú gefa skipunina File - Publish FrontPage Web (samanber síðu 62).

Ferðalög

Þú ferðast um útlönd landsins og kynnast mönnum aðrir menningar og fjölskygum stöðum hlýtur ávallt að vera efirminniðugi. Að hafa átt einn eigin harskandi og ljónast þess staðs áttinn sem hafa mótah manningu eina getur verið tótt eða, vinnu yfirlit.

Þú koma öðli á hárta stöðum mannaþyngunna, hafa verið þú ríkt og gæta hafa þóðs tilfærningu fyrir sínum vígju hárgunna þú á stöðum eigin manningu, hlýtur að vera djúpur gæðstærinnar.

Kostnaður

Vikubúnaðarferðalög					
	Ferðgjöld	Öst	Mátungum	Límsóði	Samtala
Írlandskandi	7500	21000	21000	49500	
Ferðgjöld	33500	21000	18000	75500	
Ásía	75000	18000	12000	105000	

Bar chart showing the total cost for each destination: Írlandskandi (49,500), Ferðgjöld (75,500), and Ásía (105,000).

Verkefni 11

Lifandi hlutir

A) Opnaðu vefinn *prufa* í *FrontPage Explorer*. Opnaðu síðan *index.htm* og hafðu hana opna.

Veldu fyrirsögn síðunnar gefðu skipunina *Insert - Active Elements - Marquee*.

Vegna þess að fyrirsögnin var valin kemur hún sjálfkrafa inn á valmyndina. Þó má sleppa því og skrifa sína eigin. Taktu hakið úr skipuninni *Continuously* og skrifaðu töluna **7** í reitinn þar neðan við.

Nú hefur fyrirsögnin verið stillt á að renna yfir skjáinn 7 sinnum þegar síðan er skoðuð á Vefnum. Gerðu hið sama við aðrar síður á vefnum *prufa*.



B) Settu nú textabendilinn neðst á síðuna og gefðu skipunina *Insert - Active Elements - Search Form*.

Í valmyndinni sem kemur skaltu setja eftirfarandi:


Label for Input: **Leita að.**

Width in Characters: **30.**

Label for "Start Search" Button: **Hefja leit.**

Label for "Clear" Button: **Endurstilla.**

Þegar þú smellir á *OK* kemur inn leitarform á síðunni svo lesendur síðunnar geta leitað innan vefsvæðisins að hverju sem þá listir.




- C) Settu nú textabendilinn í sömu línu og tenglarnir neðarlega á síðunni. Gefðu skipunina *Insert - Active Elements - Hover Button*.

Í *Button Text* skrifarðu **Áhugamálin**, því næst smellir þú á *Browse* hnappinn aftan við *Link to* línuna og smellir á *ahugamalin.htm*.

Smelltu því næst á *Font* hnappinn og stilltu *Font style* á **Bold** og *Size* á **15**. Smelltu á *OK*.


Stilltu *Button color* á **Yellow** og *Effect Color* á **Aqua**. Stilltu *Width* á **100** og smelltu á *OK*.

Nú hefurðu hnapp í stað tengilsins *Áhugamál*. Gerðu eins við alla hina tenglana á síðunni og vistaðu hana. Gerðu síðan eins við aðrar síður vefsvæðisins.



- D) Búðu til síðu með nafninu *fotur.htm*. Afritaðu með *Edit - Copy/Paste* hnappana úr *index.htm* inn á þessa síðu og vistaðu hana. Opnaðu því næst allar síður og gefðu með textabendilinn neðst á þeim skipunina *Insert - FrontPage Component - Include Page - Browse - fotur.htm* til að láta þær kalla fram þessa síðu.

- E. Í *FrontPage Explorer* skaltu nú gefa skipunina *File - Publish FrontPage Web* (samanber síðu 62).



Verkefni 12

Samskiptaform

A) Opnaðu nú vefinn *prufa* í *FrontPage Explorer*. Opnaðu síðan *index.htm* og hafðu hana opna.


Búðu til nýja síðu í *Editor*, vistaðu hana sem *samskipti.htm* búðu síðan til tengil í hana úr *index.htm*.

Á síðunni *samskipti.htm* skaltu nú búa til töflu með 5 línum og 2 dálkum.

Allir hlutir sem eru settir inn í þessu verkefni fást með skipuninni *Insert - Form Field*.

B) Settu bendilinn í línu tvö, veldu *Check Box* til að fá línuna hér við hliðina. Þetta þarftu að gera þrisvar til að fá sama útlit og sést hér. Passaðu að hafa bendilinn framan við hnappinn *Submit*. Eyddu svo auka hnöppunum.

Veldu síðan *One Line text box*, eyddu hnöppunum og skrifaðu **Tölvupóstfang** aftast í reitnum.



C) Í næstu línu velurðu *Drop down field*. Eyddu hnöppunum og skrifaðu í staðinn **Eðli samskipta**.



Hægrismelltu á svæðið til að fá valmyndina hér við hliðina. Skrifaðu **Vallisti** í *Name* sviðið og smelltu á *Add* til að fá *Add Choice* valmynd.

Settu inn þrjú atriði:

1. *Choice* = Svar óskast, *Selected*, *OK*.
2. *Choice* = Ekki svara, *Not Selected*, *OK*.
3. *Choice* = *Upplýsingar óskast*, *OK*.

Smelltu svo á *OK* til að loka *Drop Down Menu Properties* valmyndinni.


Hér sést þá útlit vallistans sem nú er orðinn til.



D) Í næstu línu seturðu *Scrolling text box*.

Eyddu hnöppunum og hægrismelltu á reitinn til að fá valmyndina hér til hliðar.

Stilltu *Width in Characters* á **40** og *Number of lines* á **3**. Smelltu á *OK*.



- E) Neðst í töflunni seturðu nú inn *Push Button* tvisvar sinnum.

Smelltu því næst á þann aftari með hægri músarhnapp og skrifaðu í:

Name = **Hreinsi takki**,

Value/Label = **Hreinsa**

og smelltu á skipunina *Reset* og *OK*.

Smelltu því næst á þann fremri með hægri músarhnapp og skrifaðu í

Name = **Senditakki**

Value/Label = **Senda**


og smelltu á skipunina *Submit*.

Smelltu á hnappinn *Form* og þá færðu að sjá hvað vefsvæðið muni gera við þær upplýsingar sem lesendur síðunnar fylla inn í reitina.

Þarna geturðu sett inn tölvupóstfang þess aðila sem á að fá sendar niðurstöður formsins í tölvupósti.

Smelltu nú tvisvar á *OK*. Nú á samskiptaformið að vera tilbúið.

- F) Að síðustu sameinarðu óþarfa reiti töflunnar í hægri dálk, með því að velja þá saman og gefa skipunina *Table - Merge Cells*. Einnig velurðu *Table - Table Properties* og stillir *Border Size* á **0**.



- G) Í *FrontPage Explorer* skaltu nú gefa skipunina *File - Publish FrontPage Web* (samanber síðu 62).

Ath. Búast má við að samskiptaform af þessu tagi virki ekki á vefnum nema þjónustuaðili sé með *FrontPage Extensions* uppsett á vefþjóni sínum.


Verkefni 13

Rammasíða

A) Vefurinn *prufa* er nú opnaður í *FrontPage Explorer*. Smelltu á táknið fyrir *Editor* á tækjastiku *Explorer*.




B) Í *Editor* gefurðu nú skipunina *File - New* og á *New* valmyndinni velurðu flipann *Frames*. Á listanum yfir ramma síður velurðu liðinn *Contents* og smellir á *OK*. Nú er sjálfkrafa búin til ramma síða með tveimur römmum.



C) Smelltu nú á báða *New Page* hnappana sem birtast. Í stað heimasíðu eru þá settir inn tveir tómir ramar.

Smelltu nú á hægri rammann svo sú síða sé valin. Með skipuninni *Insert - File* skaltu finna möppuna *C:\FrontPage Web\Content\prufa\index.htm* og smella á *Open* þegar hún finnst. Er þá aðalforsíða vefsins sett inn í hægri gluggann.

Dragðu nú alla tenglana (*Hover Button hnapparnir*) yfir á vinstri rammann. Þú getur miðað við myndina neðst á næstu síðu varðandi endanlegt útlit uppsetningarinnar.




D) Gefðu nú skipunina *File - Save*. Vistunin fer fram í þremur skrefum enda þrjár síður í gangi: ramma síðan sjálf, vinstri síðan og sú hægri.





Aðal ramminn skal heita **index.htm**. Ef spurt er hvort skrifa eigi ofan í þá gömlu skaltu smella á *Yes*.

Hægri hlutanum skaltu gefa nafnið **forsida.htm**.




Vinstri hlutanum skaltu gefa nafnið **vinstri.htm**.





- E) Nú skaltu smella með hægri músarhnappi á hvern hnappi í vinstri hluta og velja *Java Applet Properties*. Smelltu á *Browse* hnapp og síðan á blýantinn aftan við *Target Frame*. Smelltu ákveðið á myndina af hægri síðunni og síðan á *OK, OK, OK* (Sjá mynd). Síðan vistarðu.
6. Í *FrontPage Explorer* skaltu nú gefa skipunina *File - Publish FrontPage Web* (samanber síðu 62).



Orðalisti

BENDILL:	Með bendli er átt við tvennt, blikkandi textabendil í textasvæðum þegar skrifaður er texti. Einnig músarbendilinn sem er notaður til að smella á eða velja hluti. Yfirleitt ræðst af aðstæðum eða umfjöllunarefni hvorn bendilinn er verið að tala um.
BENSLI:	Benslitákn. Minna en og meira en eru <i>Tag</i> eða Bensli sem notuð eru til að afmarka HTML-kóðun.
FAVORITES:	Slóðum í heimasíður á Netinu er gjarnan safnað í lista sem kallast Favorites og er til þess að geta heimsótt síðurnar aftur. Þetta er gert með því að velja <i>Favorites - Add to Favorites</i> meðan síðan er enn á skjánum.
HARÐUR DISKUR:	Aðaldiskur tölvunnar til að vista gögn á. Diskar eru alltaf auðkenndir í <i>My Computer</i> með drifbókstöfum. A: er disklingadrif, C: er harði diskurinn, D: er geisladrif.
HÁSTAFIR:	Upphafsstafir. T.d. sé stutt á <i>Caps Lock</i> lykilinn á lyklaborðinu koma eingöngu hástafir.
HTML:	<i>Hyper Text Markup Language</i> líka kallað HTM eða HTML. Kóðunarmál sem heimasíður eru settar upp með.
LÁGSTAFIR:	Litlir stafir. Sé vélritað koma venjulega lágstafir en sé <i>Shift</i> (hástafalykli) haldið niðri kemur hástafur.
LESANDI:	Í þessari bók þegar talað er um lesanda er átt við þann sem skoðar og les vefi á Netinu.
MB, KB, Mb, Kb:	Megabæti, kílóBæti, megabiti, kílóbiti. Í tölvum er umfang gagna mælt í stærðar-einingunni bæti og er miðað við bókstaf. 1 Bæti = 1 bókstafur. 1 bæti er gert úr 8 bitum. B=bæti, b=biti. Mælieiningarnar mega og kíló þekkja flestir. Til dæmis er 1 MB = 1.000.000 bæta eða 1.000.000 bókstafa. 1 Mb er hins vegar 1.000.000 bita. 1Mb ef deilt með 8 er því 125.000 Bæti. Hin raunverulega stærðareining er þó 1024 þegar hér er skrifað 1000. Tölurnar eru hér einfaldaðar til hægðarauka.
NETFANG:	Notandanafn og netþjónn notanda á Neti. Skiptist oftast í nafn notanda og nafn tölvu svo og skilgreiningu svæðis. Dæmi: notandi@nafntolvu.is
NOTANDI:	Í þessari bók er oft talað um notanda. Er þá átt við þann sem er að nota bókina og/eða <i>FrontPage</i> til að setja saman vef.
OPNA:	Þegar eitthvað er opnað er átt við að vera í forriti og opna skjal sem unnið er í viðkomandi forriti með <i>File - Open</i> .
PÓSTTENGILL:	Venjulegur tengill að flestu leyti, en þegar smellt er á hann opnast tölvupóst-forritið og er tilbúið að senda póst í það netfang sem tengillinn vísar til. Aðeins þarf að skrifa póstinn og senda.
RAMMAR:	Rammasíða er sérstök HTML-síða sem ekki sést á skjá heldur sækir aðrar síður og raðar þeim í sérstakar rammastillingar á skjá notandans. Oftast notað til að þegar smellt er á tengla þá hlaði þeir inn nýjum síðum innan rammans en hluti rammans sé áfram á skjánum.

RAMMASÍÐA:	Upphafssíða (index) er notuð til að ekki þurfi að gefa upp upphafsskrá í vefnum. Byrjað er að lesa skrána <i>index.htm(1)</i> í slíkum tilfellum.
RITILL:	Hvert það forrit sem leyfir notanda að skrifa inn upplýsingar og vista á einhverju formi. Til dæmis er <i>FrontPage Editor</i> heimasíðu ritill. <i>Notepad</i> forritið í <i>Windows</i> er textaritill án umbrots og leturbreytinga. <i>Word</i> er ritvinnsluforrit sem leyfir flóknar uppsetningar á hverskonar skjölum og flokkast ekki sem ritill.
RÓT:	Rót er þar sem möpputré tölvu eða svæðis byrjar eða á upphaf sitt. Til dæmis er <i>C:\</i> drifið rót að öllum möppum sem koma þar út frá, <i>My Computer</i> er rót fyrir öll drifin í tölvunni. Mappa getur verið rót fyrir þær möppur sem koma þar út frá.
RÆSA:	Þegar eitthvað er ræst er átt við að fá á skjáinn og gera virkt það forrit sem ætlunin er að vinna í.
SÉRÍSLENSKIR:	á, ð, é, í, ó, ú, ý, þ, æ og ö. Bæði í lágstöfum og hástöfum.
SKJÁFYLLI:	Með skjáfylli er átt við þegar efni sem unnið er með nær útfyrir skjámyndina og nota þarf flettistikur í brún gluggans til að skruna útfyrir gluggamörkin. Ein þéttskrifuð síða af A4 stærð getur verið of löng til að sjást í einu lagi á venjulegum skjá. Efri hlutinn <i>fullir</i> þá upp í skjáinn að ofanverðu og hægt er að skruna niður á neðri hlutann. Er síðan þá tvær <i>skjáfullir</i> .
SLÓÐ:	Skilgreining hvar t.d. heimasvæði finnst á Netinu. Slóðin www.tolvuskoli.is vísar til heimasvæðis Tölvuskóla Reykjavíkur. Einnig er oft talað um slóð þegar talað er um hvar tiltekin skrá finnst á harða diskni tölvunnar. Í slóðum fyrir heimasvæði eru séríslenskir stafir ekki leyfðir.
URL:	<i>Universal Resource Location</i> . Hugtak fyrir slóð heimasíðu, yfirleitt kallað <i>Location</i> eða <i>Address</i> .
VEFSKOÐARI:	Forrit til að skoða vefsíður. Algengustu forritin eru <i>Internet Explorer</i> og <i>Netscape Communicator</i> .
VELJA (BLOKKA):	Að velja texta með blokk. Átt er við þegar músinni er rennt yfir texta og músarhnapp haldið niðri um leið. Þá upplitast textinn og er búið að velja hann. Þ.e. margir stafir blokkaðir í einn. Þá má meðhöndla alla stafina sem einn.
VERKSTIKA:	Einnig kallað Verkrein. Borðinn neðst á tölvuskjánum þegar unnið er í <i>Windows</i> umhverfi. Á honum birtast táknmyndir þeirra forrita sem eru í gangi. Kallast á ensku <i>Taskbar</i> .

Atriðisorðaskrá

A

Active Channel	31
Active Desktop	31
Active Elements	63
Address	17
Aðalsíða	8
All Files	19, 23
Apply	25
Archie og Gophe	6

B

Background	38, 39, 78
Bakgrunnsmýnd	39, 54
bensli	9
Beveled edge	45
.bmp	42
Bókamerki	49, 80, 87
Browse	10, 18, 29, 31, 38, 44, 70

C

Clip Art	40, 41, 84
Component	66
Copy og Paste	55
Ctrl lykill	24, 29, 51, 62, 74, 77
Custom colors	38, 46, 78

D

Default	38
Dial Up Networking	12
dpi	11

E

Editor	34
Ending skjala	10
Excel	29, 55, 86
Eyða vefsvæði	73

F

File Transfer Protocol	12
Flipi	34, 37, 44, 45
Folder Options	10
Folders	19, 22
Font	46
Format Marks	36, 77
Fréttahópar	6
FrontPage Extensions	91
Ftp	12

G

Gandálfur	74
Getting Started	16, 30
.gif	10, 11, 42, 43
Graf	86
Gæsalappir	9

H

Heimasvæði	13, 14, 20
.htm	60
HTML	7, 47, 52
HTML-kóðun	8, 9, 70
HTML-mál	7
HTML-síður	8
Hyper Text Markup Language	7
Hyperlink	44, 49, 51, 77
Hyperlink Status	19, 24
Hyperlinks	19, 21

I

Import	29
Import an existing Web	18
Index.htm	8, 22, 70, 76
Innsláttarform	65, 66, 90

J

.jpg	10, 11, 42, 43
------	----------------

K

Klippa og líma	55
----------------	----

L

Leturgerð	46
Lykilorð	13, 17, 67

M

Mappa	17, 22, 50, 86
Merge	82
Meta	78
Mjúk skipting	48
Myndir	10, 11, 40, 43, 44, 71, 84
Möppu	13, 16, 42, 43, 85

N

Nafn	17
Navigation	19, 20, 66
Netfang	12
Netþjónn	6

Notandanafn	13, 67	Textaritill	8
Notepad	8, 70	Themes	19, 25
O		Titill	16, 31, 60, 75, 78, 81
Orphan	23	Tækjastika	30, 36
P		Töflur	52, 53, 82
Page Properties	37, 78, 81, 85	Tölvupóstur	6
Paragraph	48	U	
Password	12	Uppfærsla	32
Personal Web	16	Upplausn	11
Personal Web Server	17, 68	URL	33, 50, 60, 80
Pixels	53, 82	Use web default	20
Plús/mínus tákn	21	User name	12
Proxy	30	Ú	
Punktur	52	Útlit síðna	25
R		V	
Rammasíða	57, 58, 62, 92	Vefsmiður	14
Rofinn tengill	21, 24	Vefsvæði	50, 51, 73
S		Vefur	7
Samskipti	6	Vefur búinn til	72, 74, 76
Save	13, 70	Verkstika	10, 71, 86
Setja á netið	12, 67	View - Source	8, 66, 70, 78
Sjálfkrafa breytt tenglum	22, 28	Virkir eiginleikar	63
Sjálfkrafa tengingar	19	Vista	13, 60, 70, 81, 87
Sjónarhóll	19	W	
Skjöl færð úr stað	22	Wizard	74
Skoða kóðun	8	Word	29, 55, 86
Slóð	12, 13, 17, 67	World Wide Web	7
Sniðmát	56, 58, 81	Þ	
Staðall	7, 11	Þjónustutölvur	6
Stílar	47		
Stærð	11		
Sækja inn tilbúinn vef	16		
T			
Target Frame	51, 61, 80		
Tasks	19, 26, 74		
Táknmynd	21, 50		
Táknmyndir	19, 33		
Teljari	64, 66		
Template	56		
Tengill	15, 21, 51, 61		
Tenging	20, 33		
Tenglar	7, 9, 15, 51, 80		